



Mannréttindi í íslenskri utanríkisstefnu

**Útgefandi:**

Utanríkisráðuneytið

Apríl 2007

www.utn.stjr.is

Hönnun og umbrot:

Stofa 108 ehf

Prentvinnsla:

Gutenberg

Forsíðumynd:

I.D.

Formáli



Ísland átti sextíu ára aðildarafmæli að Sameinuðu þjóðunum hinn 19. nóvember 2006. Þau sextíu ár sem liðin eru hefur aðildin að Sameinuðu þjóðunum verið ein af grunnstoðum íslenskrar utanríkisstefnu. Þegar Sameinuðu þjóðirnar voru stofnaðar voru eðlilega miklar vonir bundnar við starf þeirra og svo er enn. Líklega kemur þetta hvergi betur fram en í stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna, en í samræmi við 55. og 56. gr. stofnsáttmálans hafa aðildarríkin skuldbundið sig til aðgerða sem stuðla að og efla almenna viðurkenningu á mannréttindum og grundvallarfrelsi, án nokkurrar mismununar. Mannréttindi eru því eðlilega einn af hornsteinum íslenskrar utanríkisstefnu.

Mannréttindastarf innan Sameinuðu þjóðanna stendur á vissum tímamótum. Nýtt mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna var stofnað 19. júní 2006 sem nú heyrir undir allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna. Árið 2008 markar 60 ára afmæli mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna. Ekki sist í ljósi

þessara tímamóta var ákveðið að marka heildstæða stefnu Íslands í alþjóðlegri mannréttindavernd til framtíðar. Í samræmi við aukið framlag og þátttöku Íslands í alþjóðlegu samstarfi almennt og vaxandi áherslu á mannréttindi í öllu alþjóðastarfi taldi ég tímabært að gera grein fyrir áherslum Íslands á vettvangi alþjóðlegrar mannréttindaverndar, ekki sist með gegnsæi í huga.

Markmið þessa skjals er að gefa heildstæða yfirsýn yfir áherslur íslenskra stjórnvalda til eflingar og verndar alþjóðlegum mannréttindum. Hér verður lýst stuttlega þeirri þróun sem átt hefur sér stað á alþjóðavettvangi í mannréttindamálum og með hvaða hætti Ísland leggur sitt af mörkum í aðgerðum til að vernda og efla virðingu fyrir alþjóðlegum mannréttindum. Enn fremur er lýst helstu áherslum Íslands og afstöðu til fjölmargra sviða mannréttinda og litið til framtíðar. Samráð var haft við félagasamtök, stofnanir og sérfræðinga á sviði mannréttinda við gerð þessarar stefnu.

Valgerður Sverrisdóttir
utanríkisráðherra

Efnisyfirlit

Inngangur	5
Hvað eru mannréttindi?	6
Hornsteinar Íslands á sviði alþjóðlegra mannréttinda	8
Mannréttindi eru algild, óskiptanleg og háð innbyrðis	9
Ábyrgð stjórnvalda og alþjóðasamfélagsins á vernd borgaranna	9
Mikilvægi þess að bregðast við mannréttindabrotum	10
Áherslur Íslands við að vernda og efla alþjóðleg mannréttindi	11
Réttindi barna	11
Réttindi kvenna	12
Barátta gegn mansali	13
Réttindi minnihlutahópa	14
Barátta gegn mismunun á grundvelli kynhneigðar	15
Réttindi einstaklinga með fötlun	15
Barátta gegn mismunun á grundvelli kynþáttar, þjóðernis eða trúarbragða og efling umburðarlyndis	16
Mannréttindi flóttamanna og hælisleitenda	16
Efling réttarríkisins	17
Mannréttindi, friður og öryggi	18
Vernd mannréttinda í baráttunni við hryðjuverk	19
Afnám dauðarefsinga, barátta gegn aftökum án dóms og laga, mannshvörfum og pyntingum	20
Mannréttindi og þróunarsamvinna	21
Efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi	21
Mannréttindi, viðskipti og ábyrgð fyrirtækja	22
Alþjóðastofnanir og vernd mannréttinda	23
Sameinuðu þjóðirnar	23
Breytt landslag í umfjöllun um mannréttindamál á vettvangi Sameinuðu þjóðanna	23
Alþjóðleg samvinna er lykill að árangri	23
Mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna	24
Þriðja nefnd allsherjarþingsins	26
Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu	26
Evrópuráðið	27
Viðfangsefni framtíðarinnar	30
Grundvallarmannréttindasamningar og yfirlýsingar	32



Inngangur

Hugtakið mannréttindi er ekki gamalt. Talið er að það hafi komið fyrst upp á sautjándu öld í skrifum breska rithöfundarins Thomasar Paine (1731-1809), en bók hans, „*Réttindi mannsins*“ (Rights of Man), er talin skrifuð til varnar frönsku byltingunni og sem andsvar við túlkun Edmunds Burke (1729-1797), stjórnmalamanns og heimspekings, á henni. Þáttur Paine í mótun sögu Bandaríkjanna og Evrópu skal ekki vanmetinn. Hann var álitinn einhver mesti róttæklingur sinnar samtíðar og var til að mynda þeirrar skoðunar að stjórnvöld væru ill nauðsyn. Í ritinu „*Réttindi mannsins*“ má segja að Paine hafi þróað áfram hugmyndir breska heimspekingsins John Locke (1632-1704) um „náttúruleg eða meðfædd réttindi mannsins“ (natural rights), en talið er að Locke hafi haft djúpstæð áhrif á Paine. Paine beitti sér fyrir réttindum kvenna og var einn af fyrstu talsmönnum lægri skatta, almenns tryggingarkerfis og menntunar fyrir alla óháð efnahag. Áður hafði Paine gefið út verkið „*Almenn skynsemi*“ (Common sense), sem hafði viðtæk áhrif og er talið að hafi verið áhrifavaldur að sjálfstæðisyfirlýsingu Bandaríkjanna 4. júlí 1776. Mannréttinda-hugtakið eða -hugsjónin á sér enn lengri og dýpri rætur, ekki síst í hugmyndum og vangaveltum einstaklinga víða um heim um eðli manns og samfélags, allt frá Plato fram til okkar tíma.

Mannréttindi snerta alla, alls staðar og eru óháð tíma og rúmi. Árangur á mannréttindasviðinu veltur á samþættri nálgun á mismunandi stefnusviðum og samstarfi þar á milli. Nú er viðtækari skilningur en áður á samspili mannréttinda, sjálfbærrar þróunar, friðar og öryggis. Lögð hefur verið aukin áhersla á tengingu og samspil í eflingu mannréttinda, lýðræðisþróunar og réttarríkisins. Því er nauðsynlegt að mannréttindi fléttist inn í öll svið utanríkisstefnu, þar með talið þróunarsamvinnu, öryggismál og viðskipti. Skuldbindingar Íslands á sviði mannréttinda eru ekki síst í þágu lands og þjóðar og eru skýr skilaboð um vilja Íslands til að taka þátt í að búa til betri heim í þágu alls mannkyns, þar sem íbúum heims eru tryggð grundvallarmannréttindi, öryggi og friður.

Mannréttindi eru viðtækur málaflokkur sem snertir svið

margra stofnana. Mannréttindamál heyra að stærstum hluta undir þrjár meginstofnanir sem Ísland hefur náin tengsl við. Þær eru: Sameinuðu þjóðirnar (mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna í Genf, undirnefndir þess og þriðja nefnd allsherjarþingsins í New York), Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu og Evrópuráðið. Þannig er unnið að framgangi alþjóðlegra mannréttinda á ýmsum starfsstöðvum utanríkisþjónustunnar, aðallega þó við fastanefndir Íslands í Genf, New York og Strassborg og í sendiráði Íslands í Vínarborg, auk aðalskrifstofu utanríkisráðuneytisins. Nauðsynlegt er að þeir sem vinna að mannréttindamálum á ýmsum starfsstöðvum utanríkisþjónustunnar geti stuðst við heildstæð stefnumið í þessum málaflokki. Stefnan lýsir í stuttu máli þeim áherslum Íslands í að vinna gegn öllu ofbeldi og mismunun gagnvart konum og börnum og að bættum réttindum þeirra. Lögð er áhersla á baráttuna gegn mansali. Þá leggja íslensk stjórnvöld áherslu á að baráttan gegn alþjóðlegum hryðjuverkum megi ekki vera á kostnað virðingar fyrir alþjóðlegum mannréttindum. Ísland mun áfram beita sér fyrir algeru banni við pyntingum, afnámi dauðarefsinga, baráttunni gegn aftökum án dóms og laga, baráttunni gegn mannhvörfum og refsileysi. Lögð er áhersla á að Ísland beiti sér fyrir umræðum á vettvangi Sameinuðu þjóðanna um kynhneigð og bættum réttindum samkynhneigðra. Lögð er áhersla á tengsl mannréttinda, friðar og öryggis og ábyrgðar alþjóðasamfélagsins í því samhengi. Jafnframt er lýst áherslu Íslands á mikilvægi mannréttinda fyrir efnahagslega og félagslega þróun og tengingu mannréttindamála og þróunarsamvinnu Íslands. Áherslurnar, eins og þær birtast í þessu plaggi, eru flokkaðar eftir málaflokkum en ekki í áhersluröð.



Hvað eru mannréttindi?

Þróun mannréttindalöggjafar er gjarnan rakin til ensku frelsskrárinna frá sautjándu öld¹ og frelsisýfirlýsinga byltinganna í Frakklandi og í Bandaríkjunum undir lok átjándu aldar, þar sem kveðið var á um grundvallarfrelsi og réttindi borgaranna. Á nítjándu öld var hafist handa við að gera fjölþjóðasamninga um afnám þrælaverslunar og þrælshalds og um aðhlyningu særðra hermanna, sem kom til með stofnun alþjóðanefndar Rauða krossins árið 1863². Í kjölfarið fylgdu fleiri samningar, en í stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna (*UN Charter*) frá 1945 er vernd mannréttinda talin á meðal helstu markmiða samtakanna og inniheldur hann því grundvallarefnisreglur samtakanna um mannréttindi. Tæplega 60 ár eru liðin frá samþykkt mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna (mannréttindayfirlýsingin)³ en með henni var lagður grunnur að gerð mannréttindasamninga á vegum Sameinuðu þjóðanna og annarra alþjóðastofnana. Í mannréttindayfirlýsingunni er að finna ákvæði um helstu mannréttindi, svo sem réttinn til lífs, frelsis og mannhelgi, bann við pyntingum, þrælshaldi og mismunun, réttinn til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu, rétt til menntunar og heilbrigðis o.s.frv. Mannréttindayfirlýsingin hefur með árunum orðið viðurkenndur vegvísir þeirra sem vinna að eflingu og virðingu alþjóðlegra mannréttinda. Hún er ekki alþjóðasamningur heldur yfirlýsing um markmið sem ríki ákváðu að stefna að og hefur orðið fyrirmynd mannréttindaákvæða í stjórnarskrám fjölmargra ríkja heims.

„Viðurkenna ber að hver maður sé jafnborinn til virðingar og réttinda, er eigi verði af honum tekin, og er þetta undirstaða frelsis, réttlætis og friðar í heiminum.

Hafi mannréttindi verið fyrir borð borin og litilsvirt, hefur slíkt í för með sér siðlausar athafnir, er ofboðið hafa samvisku mannkynsins, enda hefur því verið lýst yfir, að æðsta markmið almennings um heim allan sé að skapa veröld, þar sem menn fái notið mál-frelsis, trúfrelsis og óttaleysis um einkalíf og afkomu.

Mannréttindi á að vernda með lögum. Að öðrum kosti hljóta menn að grípa til þess örþrífaraðs að rísa upp gegn kúgun og ofbeldi.⁴

Grundvallarmannréttindi eru vernduð í stjórnarskrá íslenska lýðveldisins

Í stjórnarskránni eru nokkur grundvallarmannréttindi vernduð. Þau ákvæði er að finna í VI. og VII. kafla hennar og varða í stórum dráttum trúfrelsi, almennu jafnræðisregluna, reglur um útlendinga, ríkisborgara og ferðafrelsi, persónufrelsi, bann við pyntingum og nauðungarvinnu, bann við refsingu án lagaheimildar og dauðarefsingu, réttláta málsmeðferð fyrir dómstólum, friðhelgi einkalífs, eignarrétt, tjáningarfrelsi, félaga- og fundafrelsi, atvinnufrelsi, félagsleg réttindi, rétt til menntunar og vernd barna.

Umrædd ákvæði stjórnarskrárinna eru ólík og vernda réttindi með mismunandi hætti. Nokkur mannréttindaákvæði stjórnarskrárinna lýsa yfir skýlausu banni, t.d. banni við pyntingum, dauðarefsingu og refsingu án lagaheimildar, en flest réttindi eru að öðru leyti bundin ákveðnum takmörkunum. Önnur mæla fyrir um að ákveðin réttindi skuli tryggð með lögum án þess að skilgreina frekar efni þeirra. Þetta á við um ýmis félagsleg réttindi þar sem skyldur eru lagðar á löggjafann til að tryggja þeim sem þess þurfa félagslega aðstoð, rétt til menntunar o.fl.

Alþjóðasamningar um mannréttindi

Alþjóðlegir og/eða svæðisbundnir mannréttindasamningar og yfirlýsingar skipta hundruðum og eru ýmist almenns eðlis og spanna vitt svið, eða eru sértæk og fjalla um afmörkuð réttindi og verndunaraðferðir. Gildandi mannréttindareglur og heimildir taka í dag á einn eða annan hátt til flestra þátta daglegs lífs einstaklinga, hópa og þjóða. Í 1. gr. mannréttindayfirlýsingarinnar er kveðið á um að allir séu fæddir frjálsir og

1) Á ensku „English Bill of Rights, 1689“ 2) „1863 International Committee for the relief of military wounded.“ Árið 1876 var heitinu breytt í Alþjóðaráð Rauða krossins eða á ensku International Committee of the Red Cross (ICRC). 3) Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna (Universal Declaration of Human Rights) var samþykkt hinn 10. desember 1948. 4) Inngangsorð mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna.





jafnir að virðingu og réttindum. 2. gr. kveður á um að allir skuli njóta þeirra réttinda sem talin eru upp í yfirlýsingunni og frelsisreglna hennar, án mismununar. Mikilvægustu heimildirnar, sem oftast er vitnað til á mannréttindasviðinu, eru svonefnd „alþjóðaréttarskrá“⁵, sem samanstendur af mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna og mannréttindasamningunum tveimur frá 1966 ásamt valfrjálsum bókunum annars þeirra.⁶ Auk fyrrgreindrar mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna mynda sex alþjóðasamningar um mannréttindi grundvöll mannréttindastarfs samtakanna.⁷ Þetta eru samningarnir tveir frá 1966, samningur um afnám allrar mismununar gagnvart konum („Convention on the Elimination of All Forms of Discrimination against Women,“ CEDAW), samningur um afnám alls kynþáttamisréttis („Convention on the Elimination of All Forms of Racial Discrimination,“ CERD), samningur gegn pyntingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu („Convention against Torture and Other Cruel, Inhuman or Degrading Treatment or Punishment,“ CAT) og loks samningurinn um réttindi barnsins („Convention on the Rights of the Child,“ CRC).⁸ Ísland á aðild að öllum framangreindum samningum. Í desember 2006 samþykkti allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna tvo nýja alþjóðasamninga, annars vegar um mannskvæfing og hins vegar um réttindi fatlaðra, og stefnir Ísland að fullgildingu þeirra.

Á vettvangi svæðasamvinnu er það samningur um verndun mannréttinda og mannfrelsis (mannréttindasáttmáli Evrópu)⁹ sem er hvað áhrifamestur á Íslandi, ásamt fjórtán samningsviðaukum hans. Félagsmálasáttmáli Evrópu¹⁰ er jafnframt áhrifamikill á Íslandi, en hann miðar að því að koma á nánari einingu á meðal aðildarríkja Evrópuráðsins í því skyni að vernda og framkvæma hugsjónir þær og meginreglur sem eru sameiginleg arfleifð þeirra og að auðvelda efnahagslegar og félagslegar framfarir þeirra, einkum með því að viðhalda og efla mannréttindi og mannfrelsi. Auk fyrrgreindra mannréttindasamninga er rétt að nefna meginsamning á sviði mannuðar- og flóttamannaréttar, en sá samningur sem liggur til

grundvallar er samningurinn frá 1951 um stöðu flóttamanna og bókun hans frá 1967 sem Ísland á aðild að. Til mannuðaréttar teljast hinir svokölluðu Genfarsamningar, en þeir tryggja lágmarksréttindi einstaklinga á ofríðartímum, og þá sérstaklega þeirra sem ekki eru þátttakendur í átökum, þ.e. vernd óbreyttra borgara, sjúkra og særðra hermanna og meðferð stríðsfanga. Ísland á aðild að Genfarsamningunum og þremur viðbótarbókunum hans.

Þá má einnig nefna Alþjóðaráðstefnuna um mannréttindi¹¹ sem haldin var á vegum Sameinuðu þjóðanna í Vínarborg árið 1993. Þar lýstu leiðtogar ríkja yfir stuðningi sínum við grundvallargildi alþjóðlegs mannréttindastarfs sem þróast hafa frá samþykkt mannréttindayfirlýsingarinnar og settu sér frekari markmið, með samþykkt yfirlýsingar og framkvæmdaáætlun.¹² Stefna Íslands til eflingar og verndar alþjóðlegum mannréttindum byggist ekki síst á samþykktum umræddrar alþjóðaráðstefnu, stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna, mannréttindayfirlýsingunni og ályktun leiðtogafundarins¹³ frá árinu 2005.

5) Alþjóðaréttarskráin er nefnd á ensku „The International Bill of Human Rights“. 6) Alþjóðasamningur um borgaraleg og stjórnmáleg réttindi („International Covenant on Civil and Political Rights,“ CCPR) og Alþjóðasamningur um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi („International Covenant on Economic, Social and Cultural Rights,“ CESCR), báðir frá 1966. Þessir tveir samningar ásamt tveimur valfrjálsum bókunum við CCPR mynda „International Bill of Human Rights.“ Valfrjálsum bókunin tvær við CCPR varða kæruleiðir annars vegar og afnám dauðarefsinga hins vegar. 7) Sá sjöundi er af ýmsum talin alþjóðasamningur um verndun réttinda farandverkamanna og fjölskyldumeðlima þeirra sem gekk í gildi 1. júlí 2003, en hann var samþykktur í lok árs 1990. Einungis 35 ríki hafa fullgilt samninginn. Á ensku ber hann heitið International Convention on the Protection of the Rights of All Migrant Workers and Members of Their Families. 8) Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna. 9) Mannréttindasáttmáli Evrópu (European Convention for the Protection of Human Rights and Fundamental Freedoms) var samþykktur á vettvangi Evrópuráðsins árið 1950 en gildistaka hans var 3. september 1953. 10) European Social Charter frá 1961 var fullgiltur af Íslandi árið 1976. 11) Á ensku World Conference on Human Rights. 12) Sjá skjal A/CONF.157/23 23 July 1993, World Conference on Human Rights Vienna 14-25 June 1993. VIENNA DECLARATION AND PROGRAMME OF ACTION. Yfirlýsinguna og framkvæmdaáætlunina má finna á eftirfarandi vefsíðu: [http://www.unhcr.ch/huridocda/huridoca.nsf/\(Symbol\)/A.CONF.157.23.En?OpenDocument](http://www.unhcr.ch/huridocda/huridoca.nsf/(Symbol)/A.CONF.157.23.En?OpenDocument) 13) Sjá ályktun samþykta af allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna dags. 24. október 2005 í skjali A/RES/60/1 sem ber heitið „2005 World Summit Outcome“.

Hornsteinar Íslands á sviði alþjóðlegra mannréttinda

Grunngildi stefnunnar eru byggð á íslenskri hefð, sem er virðing fyrir lýðræði, jafnrétti og mannlegri reisn (*human dignity*), sem og samfélagi sem auðkennist af fjölbreytni, umburðarlyndi, réttlæti og samstöðu. Með framangreind grunngildi að leiðarljósi vilja íslensk stjórnvöld með skipulögðum og gegnsæjum hætti leggja sitt af mörkum til að tryggja að íbúar heims njóti þeirra mannréttinda sem kveðið er á um á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og í öðru alþjóðastarfi og taka þátt í gerð nýrra staðla eftir þörf á hverjum tíma og beita sér þannig fyrir öflugri hnattrænni mannréttindavernd. Efling og vernd mannréttinda er forgangsmál sem nauðsynlegt er að samþætta inn í fjölmörg svið utanríkisstefnu Íslands, þar með talið þróunarsamvinnu, öryggismál og viðskiptastefnu. Nú þegar er sérstök áhersla lögð á mikilvægi mannréttinda í þróunarsamvinnu í *Stefnumiðum Íslands í þróunarsamvinnu 2005 - 2009* enda er það almennt viðurkennt að mannréttindabrot, skortur á lýðræði og veikt stjórnarfar bitnar hvað verst á hinum fátæku í þróunarríkjum heims og það geti síðar orðið undirrot á taka. Efling mannréttinda á alþjóðavettvangi felst ekki síst í því að hvetja stjórnvöld annarra ríkja til að virða mannréttindi, aðstoða við að koma á eða viðhalda lýðræðislegu stjórnskipulagi og veita tæknilega aðstoð og ráðgjöf í mannréttindamálum. Svo að stefna Íslands á vettvangi alþjóðlegra mannréttinda geti skilað raunverulegum árangri er nauðsynlegt að haldið verði áfram að samþætta mannréttindasjónarmið í alla utanríkisstefnu.

Ísland vinnur að vernd og eflingu mannréttinda í heiminum fyrst og fremst á vettvangi viðkomandi alþjóðastofnana; og þá helst á vettvangi stofnana Sameinuðu þjóðanna í Genf og New York, Evrópuráðsins í Strassborg og ÖSE í Vínarborg. Það er til að mynda gert með þátttöku í að tryggja framkvæmd gildandi alþjóðasamninga á sviði mannréttinda; með þátttöku í gerð nýrra alþjóðasamninga og með þátttöku í ályktanagerð; skoðanaskiptum og grasrótastarfi þar sem aðgerðir og stefnur alþjóðasamfélagsins eru mótaðar. Ísland tilheyrir tvímælalaust hópi ríkja þar sem mannréttindi eru höfð

í fyrirrúmi. Ísland tekur þátt í að vekja athygli alþjóðasamfélagsins á því ef virðingu fyrir mannréttindum er ábótavant, og mannréttindabrot eru jafnvel kerfisbundin, og leitar leiða til að sporna gegn slíku. Ekki er síður mikilvægt að veita athygli jákvæðri þróun mannréttindamála þar sem hún hefur átt sér stað. Ísland ræðir ástand mannréttindamála, á tvihliða fundum jafnt sem fjölþjóðlegum, og tekur virkan þátt í leit að leiðum til úrbóta þar sem þess gerist þörf. Ísland mun í vaxandi mæli vinna að eflingu mannréttinda á vettvangi þróunarsamvinnu.

Ísland beitir sér fyrir vernd og eflingu þeirra grundvallarviðmiða sem alþjóðlegt mannréttindastarf byggist á:

Mannréttindi eru algild, órjúfanleg og háð innbyrðis.

Allir eiga að njóta mannréttinda, án tillits til kynþáttar, menningar, kyns, tungu, trúarbragða, sérstakra aðstæðna eða af öðrum orsökum. Öll mannréttindi eru mikilvæg og háð innbyrðis.

Ábyrgð stjórnvalda og alþjóðasamfélagsins á vernd borgaranna.

Það er á ábyrgð stjórnvalda og alþjóðasamfélagsins að tryggja borgurunum viðunandi mannréttindi og vernd.

Mikilvægi þess að bregðast við mannréttindabrotum.

Á grundvelli stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna, og alþjóðlegra mannréttindareglna og samþykktu, ber Íslandi skylda til að beita áhrifum sínum innan ramma alþjóðlegrar samvinnu til að stuðla að því að önnur ríki virði mannréttindi.





Mannréttindi eru algild, órjúfanleg og háð innbyrðis

Mannréttindafirlýsingin frá 1948 kveður á um að mannréttindi séu algild og að allir eigi að njóta mannréttinda án nokkurrar mismununar, svo sem á grundvelli kynþáttar, kyns, tungu, trúarbragða, stjórnálaskoðana eða annarra skoðana. Ríki sem brjóta mannréttindi hafa oft og tíðum borið því við að um sé að ræða sérstakar aðstæður í viðkomandi ríki, gjarnan af menningarlegum toga, sem réttlæti ríkjandi fyrirkomulag. Oft er vísað til „menningarlegra hefða“, til dæmis einhvers konar forms svonefnds „feðraveldis“. Hér mætti nefna sem dæmi stöðu og málefni kvenna og stúlkna, en réttindi þeirra eru víða fótum troðin með vísan til „menningarlegra aðstæðna“. Um leið og alþjóðasamfélagið vinnur gegn slíku misrétti og ofbeldi er jafnframt nauðsynlegt að varðveita menningarlega fjölbreytni. Ríki sem brjóta mannréttindi halda því gjarnan fram að alþjóðlegir mannréttindastaðlar séu vestræn viðmið sem þvingað hafi verið upp á heimsbyggðina. Íslensk stjórnvöld hafna slíkum röksemdum.

Samþykkt mannréttindafirlýsingar Sameinuðu þjóðanna 1948 var fylgt eftir með margra ára samningaviðræðum aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna um bindandi mannréttindasamninga þar sem þau grundvallarréttindi sem fram eru sett í mannréttindafirlýsingunni, eru nánar útfærð. Niðurstaða þessara samningaviðræðna var samningarnir tveir frá 1966, um borgaraleg og stjórnálaleg réttindi annars vegar og efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi hins vegar. Því hefur verið haldið fram að með skiptingu „réttindanna“ í þessa tvo samninga hafi efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi verið sett skör lægra en borgaraleg og stjórnálaleg réttindi. Íslensk stjórnvöld eru þeirrar skoðunar að öll mannréttindi séu háð innbyrðis og þeim eigi að gera jafnhátt undir höfði. Í kjölfar samninganna frá 1966 hafa ýmsir sértækir samningar verið samþykktir, þar á meðal samningur um bann við pyntingum og barnasáttmálinn.

Ábyrgð stjórnvalda og alþjóðasamfélagsins á vernd borgaranna

Stjórnvöld hvers ríkis og alþjóðasamfélagið bera sameiginlega ábyrgð á því að mannréttindi séu virt. Þannig var það staðfest á alþjóðaráðstefnunni um mannréttindi, sem haldin var í Vinarborg árið 1993, að vernd og efling mannréttinda er sameiginleg ábyrgð alþjóðasamfélagsins. Íslensk stjórnvöld taka þá ábyrgð alvarlega. Ríki heims verða að taka á sig þá ábyrgð að framkvæma samþykkt mannréttindasamninga, m.a. með virku réttarkerfi, löggjöf, menntunarmöguleikum, félagslegu kerfi o.s.frv. Íslensk stjórnvöld leggja ríka áherslu á að alþjóðalög séu virt, þar með taldar alþjóðareglur um verndun mannréttinda, og styður því eflingu virks eftirlitskerfis til að tryggja framkvæmd mannréttindalaga. Slíkt eftirlitskerfi veitir ríkjum aðhald. Í þessu samhengi er rétt að benda á að virðing fyrir lýðræði, réttarríkinu og alþjóðlegum mannréttindareglum er grundvöllur *mannöryggis* (*human security*). Hugtakið mannöryggi hefur hlotið talsverðan hljómgrunn á alþjóðavettvangi síðastliðinn áratug en það var fyrst sett fram í þróunaráætlun Sameinuðu þjóðanna (UNDP) árið 1994, þegar skilgreindar voru sjö víddir öryggis: efnahagslegt, fæðu-, heilsu-, umhverfis-, persónulegt, samfélagslegt og pólitískt öryggi. Í hugtakinu mannöryggi felst að öryggi einstaklinga sé að minnsta kosti jafn mikilvægt og öryggi ríkja. Í því felst að fullveldi ríkja eigi ekki að vera yfirsterkara öryggi borgara þess.¹⁴ Nokkur árangur hefur náðst á vettvangi Sameinuðu þjóðanna á síðustu árum við að koma mannöryggi á dagskrá, ekki síst með ályktunum öryggisráðsins um verndun óbreyttra borgara í vopnuðum átökum, um útbreiðslu alnæmis sem ógn við heimsöryggi og síðast en ekki síst með samþykkt ályktunar 1325 um konur, frið og öryggi. Með samþykkt ályktunar 1325 var sérstaða kvenna í stríði viðurkennd og mikilvægi hlutverks þeirra í friðaruppbyggingu.

Vernd lýðræðis og mannréttinda og virðing fyrir alþjóðalögum skiptir miklu við að tryggja stöðugleika og öryggi. Oft og tíðum eru mannréttindabrot ein helsta rót óstöðugleika og

14) Sjá UNDP: National Human Development Report (NHDR) Unit of the Human Development Report Office and NHDR Occasional Paper 5 on Human Security, Mai 2006. Sjá meðfylgjandi hlekk: hdr.undp.org/docs/nhdr/thematic_reviews/Human_Security_Guidance_Note.pdf





vopnaðra átaka, en nú á tímum eru fæstar styrjaldir háðar milli ríkja, heldur á milli hópa innan ríkja. Alþjóðlegir mannúðar- og mannréttindasamningar eru áhrifarík tæki til að koma í veg fyrir mannréttindabrot, en það þarf að kunna að beita þessum tækjum. Því er nauðsynlegt að efla fræðslu um tilvist alþjóðlegra mannréttindasáttmála og mannúðarlög. Ísland leggur áherslu á vernd einstaklinga á átakasvæðum og við aðrar neyðaraðstæður og í því samhengi á ábyrgð ríkja á að veita mannúðarsamtökum aðgengi að átakasvæðum og tryggja þannig þeim einstaklingum vernd og aðstoð er þurfa á slíku að halda. Ísland stendur vörð um Alþjóðlega sakamáladómstólinn („International Criminal Court,“ ICC) og hvetur önnur ríki til að gerast aðilar að honum. Hlutverk dómstólsins er að dæma í málum einstaklinga sem grunaðir eru um alvarlegustu glæpi gegn mannkyninu. Stofnun Alþjóðlega sakamáladómstólsins má tvímælalaust telja meðal mikilvægustu framlaga til mannréttindaverndar og friðar í heiminum frá stofnun Sameinuðu þjóðanna.

Mikilvægi þess að bregðast við mannréttindabrotum

Ísland leggur áherslu á að alþjóðasamfélagið bregðist við mannréttindabrotum og grípi til fyrirbyggjandi aðgerða þegar teikn eru á lofti um alvarleg mannréttindabrot. Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna gegnir mikilvægu hlutverki í þessu samhengi og mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna einnig. Ísland hafnar því að ríki, sem brjóta mannréttindi á borgurum sínum, geti skýlt sér á bak við það að um innanríkismál sé að ræða og að öll umfjöllun og tilmæli alþjóðasamfélagsins séu íhlutun í innanríkismál viðkomandi ríkis. Fullveldi ríkja er ekki gild rök gegn viðbrögðum alþjóðasamfélagsins þegar alvarleg og útbreidd mannréttindabrot eru framin. Hins vegar er mikilvægt að viðbrögð alþjóðasamfélagsins séu innan ramma alþjóðlegrar samvinnu og grundvallist á alþjóðasamningum.

Íslensk stjórnvöld eru þeirrar skoðunar að umræður, sérstaklega á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, um ástand mannréttindamála í ríkjum og á landsvæðum eigi fullan rétt á sér og

séu í reynd nauðsynlegar, ekki sist til að veita ríkjum aðhald á þessu sviði. Ísland tekur þátt í þeim umræðum og styður umfjöllun um ástand mannréttindamála, sérstaklega í þeim ríkjum þar sem virðing fyrir mannréttindum er litil og mannréttindabrot framin. Íslensk stjórnvöld hafa ávallt verið reiðubúin til skoðanaskipta um mannréttindamál og talið það vænlegra til árangurs en að sniðganga stjórnvöld þeirra ríkja sem eru ásökuð um mannréttindabrot. Nauðsynlegt er að leitast við að eiga skoðanaskipti og umræður við fulltrúa þessara ríkja sem um ræðir og fá stjórnvöld til að taka þátt í og beita sér fyrir umbótum og eiga þannig reglulegt samráð við t.a.m. fulltrúa mannréttindaráðsins sem jafnframt fylgjast með framkvæmd viðkomandi ríkis á úrbótum. Ef hins vegar umræður bera ekki árangur og ríki neitar samstarfi verður alþjóðasamfélagið að bregðast við á vettvangi viðeigandi stofnana. Ísland styður ályktanatillögur um ástand mannréttinda sem lagðar eru fram á framangreindum forsendum, með því skilyrði að þær feli í sér efnislegan rökstuðning fyrir mannréttindabrotum og/eða ásakani um að ríki vanvirði skuldbindingar á sviði mannréttinda. Ísland er þeirrar skoðunar að tillögur að ályktunum um mannréttindaástand í einstökum ríkjum séu nauðsynleg tæki til að þrýsta á ríki að standa við skuldbindingar sínar í mannréttindamálum. Í þessu samhengi er rétt að benda á þá jákvæðu þróun sem óneitanlega hefur átt sér stað víða í heiminum á sviði mannréttinda, en hætt er við að slíkt falli í skuggann af þeim alvarlegu brotum sem eru framin. Með því að gerast aðilar að alþjóðlegum mannréttindasamningum skuldbinda ríki sig til að vekja athygli á því þegar ákvæði slíkra samninga eru brotin.



Áherslur Íslands við að vernda og efla alþjóðleg mannréttindi

Alþjóðlegum samningum á sviði mannréttinda hefur fjölgað verulega, en þó er enn langt í land að tryggja aðild að þeim og er framkvæmd þeirra oft og tíðum ábótavant. Skýrslur alþjóðastofnana og félagasamtaka benda til þess að mannréttindavernd sé í mörgum ríkjum heims verulega ábótavant. Auk þeirra almennu hornsteina sem greint er frá hér að framan má greina baráttuna fyrir eflingu og vernd mannréttinda í heiminum í fjölmarga undirflokk. Í þessum kafla verður greint frá helstu áherslumálum Íslands eftir málaflokkum (*thematic*) á þessu sviði.

Réttindi barna

Íslensk stjórnvöld beita sér fyrir bættum réttindum barna, m.a. á grundvelli barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og tveggja valfrjálsra bókana hans.

Íslensk stjórnvöld:

- vekja athygli á hvers kyns ofbeldi gegn börnum sem viðgengst víða í heiminum og leggja áherslu á að vernda börn og ungmenni gegn ofbeldisverkum;
- hvetja þau ríki sem ekki hafa fullgilt barnasáttmálann til að gera það;
- hvetja aðildarríki barnasáttmálans til að standa við skuldbindingar sínar og hvetja þau ríki sem ekki hafa fullgilt valfrjálsu bókanirnar tvær til að gera það;
- styðja starf barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna sem hefur eftirlit með því hvernig aðildarríki uppfylla skuldbindingar sínar samkvæmt barnasáttmálanum og valfrjálsnum bókunum hans;
- styðja framkvæmd ILO-samþykktar nr. 182¹⁵ um bann við barnavinnu í sinni verstu mynd og tafarlaugar aðgerðir til að afnema hana;
- leggja áherslu á og styðja starf Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna (UNICEF).

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna hefur verið fullgiltur af öllum aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna að tveimur undanskildum.¹⁶ Barnasáttmálinn viðkennir börn sem sjálfstæða njótendur mannréttinda og hefur að geyma réttindi mjög víðtæks eðlis, allt frá grundvallarréttindum, svo sem réttinum til lífs, til þess að leggja skyldur á ríki á sviði mennta og heilbrigðismála. Að auki gengu í gildi árið 2002 tvær valfrjálsar bókanir við samninginn, annars vegar um þátttöku barna í vopnuðum átökum og hins vegar um barnasölu, barnavændi og barnaklám.¹⁷ Ísland leggur áherslu á að aðildarríkin framfylgi ákvæðum samningsins um réttindi barnsins og valfrjálsra bókana hans.

Íslensk stjórnvöld hafa alla tíð lagt mikla áherslu á mannréttindi barna og munu halda því áfram við öll tækifæri sem gefast. Í október 2006 var kynnt á fundi þriðju nefndar allsherjarþingsins í New York lokaskýrsla sjálfstæðs sérfræðings Sameinuðu þjóðanna sem fjallar um ofbeldi gegn börnum.¹⁸ Skýrslan er heildstæð rannsókn á ofbeldi gegn börnum á heimsvísu, en í henni er einnig kallað eftir fyrirbyggjandi aðgerðum og sett eru fram tilmæli um hvernig koma megj í veg fyrir slíkt ofbeldi og hvernig best sé að bregðast við því. Í skýrslunni kemur fram að ofbeldi gegn börnum er oft falið og að það viðgangist í skjóli þagnarinnar. Skýrslan leiðir í ljós að milljónir barna um allan heim sæta ofbeldi daglega. Birtingarmyndir þess eru margvíslegar, svo sem kynferðislegt ofbeldi, líkamlegar refsingar, vanræksla, pyntingar, vinnuþrælkun, misnotkun, skaðlegar hefðir (t.d. kynfæralímlesting, nauðungarhjónað og „heiðursmorð“), einelti og kynþáttamisrétti. Samkvæmt skýrslunni er algengast að þeir sem beita börnin ofbeldi séu fólk sem þau þekkja og ættu að geta treyst, t.d. fjölskyldumeðlimir, skólafélagar, kennarar eða vinnuveitendur. Umrædd skýrsla er mikilvægt framlag til að efla aðgerðir ríkja og alþjóðastofnana svo að koma megj í veg fyrir ofbeldi gegn börnum og munu íslensk stjórnvöld taka þátt í að fylgja skýrslunni eftir enda leggja þau áherslu á mikilvægi þess að vernda börn og ungmenni gegn ofbeldisverkum. Íslensk stjórnvöld

15) Ísland á aðild að ILO samþykkt nr. 182 um afnám barnavinnu í sinni verstu mynd 16) Bandaríkin og Sómalía hafa ekki fullgilt barnasáttmálann. 17) Ísland hefur fullgilt báðar valfrjálsu bókanirnar. 18) Skýrsluna í heild sinni er að finna á heimasíðu skrifstofu mannréttindafulltrúa Sameinuðu þjóðanna. Sjá meðfylgjandi hlekk á skýrsluna <http://www.ohchr.org/english/bodies/crc/docs/study/SGSVAC.pdf>



leggja ríka áherslu á starfsemi UNICEF¹⁹, en Ísland hefur aukið framlög sín til UNICEF verulega undanfarin ár. Stjórnvöld hafa jafnframt styrkt Rauða krossinn með fjárframlögum, en hann leggur áherslu á að vernda börn í stríði.

Réttindi kvenna

Íslensk stjórnvöld beita sér fyrir réttindum kvenna, m.a. á grundvelli samnings Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismununar gagnvart konum (CEDAW) og valfrjálsrar bókunar hans.

Íslensk stjórnvöld:

- vekja athygli á hvers kyns ofbeldi gegn konum og stúlkubörnum sem á sér stað víða í heiminum;
- vekja athygli á sérlega slæmri stöðu kvenna og stúlkubarna á átakasvæðum;
- beita sér fyrir opinskárrí umræðu um upprætingu ofbeldis gegn konum og stúlkubörnum á vettvangi stofnana Sameinuðu þjóðanna;
- beita sér fyrir aukinni þátttöku kvenna í friðarferlum, friðaruppbyggingu og framkvæmd ályktunar 1325;
- hvetja þau ríki sem ekki hafa fullgilt CEDAW-samninginn til þess að gera slíkt hið fyrsta;
- beita sér fyrir framkvæmd CEDAW-samningsins og að aðildarríki standi við skuldbindingar hans;
- beita sér fyrir samþættingu kynjasjónarmiða í öllu starfi Sameinuðu þjóðanna;
- munu efla enn frekar samstarf við UNIFEM, m.a. til að sporna við ofbeldi gegn konum.

Fjallað er um málefni kvenna og stúlkubarna á vettvangi kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna²⁰, mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna og þriðju nefndar allsherjarþings-

ins. Mikið verk er enn óunnið í því skyni að tryggja jafnrétti kynjanna, sbr. umfangsmikla skýrslu aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna um ofbeldi gegn konum sem kynnt var í október 2006. Skýrslan sýnir hversu langt er í land að ná markmiðum um jafnrétti kynjanna og hversu ofbeldi gegn konum og stúlkubörnum er útbreitt. Tölfræðiupplýsingar sem hafa verið unnar á vegum skýrslugjafa Sameinuðu þjóðanna um ofbeldi gegn konum sýna að um 70% þeirra einstaklinga sem lifa við fátækt í heiminum eru konur og stúlkur. Svokölluð „heiðursmorð“ eiga sér stað víða um heim nú á tímum og talið er að um 5000 konur séu myrtar af fjölskyldumeðlimum ár hvert. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur áætlað að 100 til 140 milljónir kvenna og stúlkna hafi verið þvingaðar til að gangast undir kynfæralímlestingar af einhverju tagi og þjáist vegna þessarar ómannlegu hefðar og að á ári hverju séu um tvær milljónir stúlkna limlestar eins og að framan greinir. Íslensk stjórnvöld munu beita sér sérstaklega á vettvangi Sameinuðu þjóðanna gegn slíkum ómannúðlegum aðgerðum eða hefðum. Á grundvelli ályktunar 1325 var hrint af stað rannsókn á því hvaða afleiðingar vopnuð átök hafa á konur og stúlkubörn, á hlutverki kvenna við friðaruppbyggingu, kynjasjónarmiðum við friðarsamninga og enduruppbyggingu að ofríði loknum. Í október 2002 lagði þáverandi aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna fram skýrslu á grundvelli þessarar rannsóknar fyrir öryggisráð Sameinuðu þjóðanna um konur, frið og öryggi.²¹ Í skýrslunni er staðfest að ofbeldi gegn konum og stúlkubörnum í vopnuðum átökum er mjög útbreitt og það sé fyrst og fremst kynbundið. Um margs konar ofbeldi er að ræða en þó helst kynferðislegt ofbeldi og misnotkun, þar með talið nauðganir og fjöldanauðganir, nauðungarvændi, þvingaðar þunganir og pyntingar. Hlutskipti flóttamanna og fólks á vergangi er jafnframt erfitt, ekki síst kvenna og stúlkubarna. Samkvæmt upplýsingum frá Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna eru konur og börn um 80% þeirra sem hafa stöðu flóttamanna eða fólks á vergangi²² í heiminum í dag og hafa flúið heimili sín vegna vopnaðra

¹⁹ Barnahjálpi Sameinuðu þjóðanna „United Nations Children’s Fund.“ UNICEF. ²⁰ Commission on the Status of Women (CSW) sem fundar árlega í New York. Ísland hefur átt sæti í kvennanefnd Sameinuðu þjóðanna frá árinu 2005, en kjörtímabiliinu lýkur árið 2008. ²¹ Sjá skjal S/2002/1154, dags. 16. október 2002, „Report of the Secretary-General on women, peace and security.“ ²² Folk á vergangi er þýðing á „Internally Displaced Persons, IDPs“ og er um að ræða einstaklinga sem hrakist hafa frá heimilum sínum en dvelja innan landamæra heimalands síns og geta því ekki hlotið stöðu „flóttamanna“.





átaka eða af öðrum orsökum. Til að tryggja varanlegan frið, lýðræði og réttlæti er nauðsynlegt að lita jafnt til beggja kynja. Auka þarf þátt kvenna í ákvörðunum, bæði þeim er lúta að friðarsamningum og enduruppbyggingu að ófriði loknum. Ísland leggur áherslu á mikilvægi ályktunar 1325, ekki síst í því skyni að auka þátttöku kvenna í friðarferlum og friðaruppbyggingu. Þannig miða áherslur íslensku friðargæslunnar m.a. að því að auka þátttöku kvenna í verkefnum hennar. Í byrjun árs 2007 var jafnframt ákveðið að móta aðgerðaáætlun íslenskra stjórnvalda á grundvelli ályktunar 1325. Stjórnvöld leggja áherslu á aukið vægi UNIFEM²³ og halda áfram nánu samstarfi við sjóðinn. Gerður hefur verið rammasamningur á milli utanríkisráðuneytisins og landsnefndar UNIFEM fyrir tímabilið 2007-2009. Markmiðið með samningnum er m.a. að efla kynningu á hlutverki og starfsemi UNIFEM, stuðla að samþættingu jafnréttissjónarmiða í verkefnum á vegum íslenskra stjórnvalda og auka almennt samráð og samvinnu íslenskra stjórnvalda við UNIFEM. Rammasamningurinn gerir ráð fyrir fimm milljóna króna fjárframlagi á ári frá utanríkisráðuneytinu til landsnefndar UNIFEM. Þess má geta að íslensk stjórnvöld hafa meira en tífaldað fjárframlag sitt til UNIFEM á síðustu tveimur árum. Stjórnvöld leggja einnig áherslu á baráttuna gegn heimilisofbeldi og í janúar 2007 var samþykkt framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar vegna ofbeldis á heimilum og kynferðisofbeldis fyrir árin 2006-2011.

Baráttan gegn mansali

Íslensk stjórnvöld:

- taka þátt í sértækum aðgerðum á vegum Sameinuðu þjóðanna, ÖSE og Evrópuráðsins sem miða að því að berjast gegn mansali um allan heim;
- stefna að fullgildingu Palermo-samningsins gegn fjölþjóðlegri og skipulagðri glæpastarfsemi og bókunar við hann um bann við verslun með fólk, einkum konur og börn, og vinna að því að sem flest ríki gerist aðilar að samningnum;
- stefna að fullgildingu samnings Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali.

Íslensk stjórnvöld leggja áherslu á að uppræta ofbeldi gegn konum og mikilvægi baráttunnar gegn mansali og kynlífsþrælkun kvenna og stúlkubarna. Þar er ekkert ríki undanskilið. Mansal, eða verslun með fólk, er alvarlegt og vaxandi vandamál um allan heim. Að mati Sameinuðu þjóðanna er mansal sú skipulagða glæpastarfsemi sem vex hvað hraðast í heiminum. Hundruð þúsunda einstaklinga, aðallega konur og stúlkubörn, verða fórnarlömb mansals á hverju ári. Mansal er glæpsamlegt athæfi og gróft brot á mannréttindum þeirra einstaklinga sem fyrir því verða og tengist annarri skipulagðri alþjóðlegri glæpastarfsemi, svo sem ólöglegri verslun með vopn og eiturlyf, peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Hér er yfirleitt um vel skipulagða glæpastarfsemi að ræða og margt bendir til þess að starfsemi glæpamanna á þessum sviðum verði sífellt þróaðri, tæknivæddari og miskunnarlausari, enda er hagnaðarvonin mikil.

Mansal er glæpastarfsemi sem virðir ekki landamæri. Ekkert ríki getur eitt og sér spornað gegn þessari vá og krefst baráttan gegn mansali fjölþættrar og skilvirkrar alþjóðasamvinnu ef hún á að ná tilætluðum árangri. Efling lögreglusamvinnu er

23) Þróunarsjóður Sameinuðu þjóðanna í þágu kvenna „United Nations Development Fund for Women“, UNIFEM.

þýðingarmikill þáttur. Einnig verður að tryggja að mansal sé gert refsivert í refsilöggjöf ríkja og að þeir sem slíka glæpastarfsemi stunda séu leiddir fyrir lög og rétt.

Palermo-samningur Sameinuðu þjóðanna gegn fjölþjóðlegri og skipulagðri glæpastarfsemi og bókun við hann um verslun með fólk, einkum konur og börn, gegnir hér mikilvægu hlutverki, en þar er að finna sameiginlega skilgreiningu aðildarríkjanna á mansali. Samningurinn beinir því m.a. til aðildarríkjanna að lögfesta hegningarlagaákvæði til að refsa þeim er gerast sekir um mansal, en slíkt hefur nú þegar verið gert á Íslandi. Ísland undirritaði samninginn og bókunina í desember 2000 og er unnið að því að greina nauðsynlegar lagabreytingar vegna samningsins og bókunarinnar. Samningur Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali (Council of Europe Convention on action against trafficking in human beings), sem samþykktur var í maí 2005, mun einnig gegna mikilvægu hlutverki í baráttunni gegn mansali í Evrópu, en stefnt er að því að samningurinn taki gildi snemma árs 2008. Mikilvægi þessa nýja samnings felst meðal annars í þeirri áherslu sem lögð er á réttindi fórnarlamba mansals og alþjóðlega samvinnu ásamt því að sett verður upp eftirlitskerfi til þess að tryggja að aðildarríki samningsins fari að ákvæðum hans. Ísland undirritaði samninginn í maí 2005 og er unnið að fullgildingu hans. Íslensk stjórnvöld leggja sérstaka áherslu á baráttuna gegn mansali á alþjóðlegum vettvangi og þá helst á vettvangi ÖSE og Evrópuráðsins. Innan Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE) í Vín hafa íslensk stjórnvöld lagt ríka áherslu á að efla baráttu stofnunarinnar gegn mansali, en á vegum hennar fer fram margþætt starf á sviði átakavarna og öryggismála auk eflingar mannréttinda og lýðræðis í aðildarríkjum. ÖSE hefur á undanfönum árum markvisst eft starfsemi sína gegn mansali með sérþækri aðstoð við einstök aðildarríki, m.a. á sviði lagasamvinnu, fræðslu almennings og þjálfunar lögreglu-manna og landamæraeftirlitsfulltrúa, svo að dæmi séu nefnd.

Minnihlutahópar²⁴

Íslensk stjórnvöld:

- beita sér fyrir bættum réttindum minnihlutahópa;
- beita sér fyrir skoðanaskiptum á milli ríkisstjórna og minnihlutahópa og einnig á milli minnihlutahópa, ekki síst fyrir tilstilli sérstaks minnihlutafulltrúa ÖSE.

Mannréttindasamningar og yfirlýsingar sem innihalda sérstök ákvæði um minnihlutahópa eru um 60 talsins á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO), Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO), Alþjóðabankans, Evrópuráðsins og ÖSE. Í flestum ríkjum heims er að finna minnihlutahópa og er áætlað 10-20% mannkyns tilheyri minnihlutahópum, allt að 1,2 milljarðar manna. Einstaklingum sem tilheyra minnihlutahópum er oft mismunað, þeir hafa ekki jafnan aðgang að gæðum samfélagsins og pólitísk, efnahagsleg og félagsleg réttindi þeirra eru brotin. Slík mismunum er oft rót átaka mismunandi þjóðfélagshópa. Minnihlutahópar þurfa á sérstakri vernd að halda þar sem meðlimir þeirra eru oft verr settir en meirihlutinn og eiga erftit með að ná fram rétti sínum. Konur sem tilheyra minnihlutahópum sæta yfirleitt tvöfaldri mismunun og sérstaklega þarf að beina sjónum að réttindum þeirra. Evrópuráðið hefur látið málefni minnihlutahópa mikið til sin taka, en íslensk stjórnvöld vinna nú að fullgildingu nýsamþykks sáttmála Evrópuráðsins um vernd þjóðernisminnihlutahópa (Protection of National Minorities).

Deilur sem eiga rætur að rekja til mismunandi þjóðernishópa eru ein aðaluppspretta átaka í heiminum í dag. Í Evrópu er það hlutverk ÖSE að greina spennu milli þjóðernishópa og leita lausna áður en til átaka kemur en einnig að setja staðla um réttindi einstaklinga sem tilheyra minnihlutahópum. Vinna

²⁴ Sameiginleg skilgreining alþjóðasamfélagsins á minnihlutahópum er ekki til umfram það sem segir í yfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna um réttindi minnihlutahópa (UN Declaration on the Rights of Persons belonging to National or Ethnic, Religious and Linguistic Minorities). Að tilheyra minnihlutahópi merkir að samsama sig þjóðernis-, tungumála- eða trúarhópum sem meirihluti þjóðarinnar tilheyrir ekki.





ÖSE, einkum vinna sérstaks minnihlutahópafulltrúa, hefur sýnt að viðræður stjórnvalda og minnihlutahópa sem grundvallast á virðingu fyrir mannréttindum og réttindum minnihlutahópa geta dregið úr spennu, leyst deilumál og komið þannig í veg fyrir átök. Ísland mun beita sér fyrir umræðum á vettvangi Sameinuðu þjóðanna um skipan álika minnihlutafulltrúa á heimsvísu, en hann gæti starfað innan mannréttindakerfis Sameinuðu þjóðanna eða á vegum öryggisráðsins.

Barátta gegn mismunun á grundvelli kynhneigðar²⁵

Íslensk stjórnvöld:

- vekja athygli á mismunun á grundvelli kynhneigðar;
- beita sér fyrir því að bann við mismunun á grundvelli kynhneigðar komist á dagskrá Sameinuðu þjóðanna og annarra alþjóðastofnana.

Enginn alþjóðasamningur kveður skýrt á um bann við mismunun á grundvelli kynhneigðar. Að minnsta kosti tvær sérfræðinganefndir Sameinuðu þjóðanna hafa haldið því fram að samningarnir tveir frá 1966 (CCPR og CESCR) kveði einnig á um bann við mismunun á grundvelli kynhneigðar. Um slíka túlkun ríkir hins vegar engin samstaða á meðal aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna. Um nokkurt skeið hefur hópur ríkja á vettvangi mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna leitast við að koma af stað umræðum um kynhneigð og mismunun á grundvelli hennar, en slíkt hefur ekki borið viðunandi árangur enn sem komið er. Víða í heiminum ríkja fordómar í garð samkynhneigðra sem byggjast oft á trúarlegum og menningarlegum grunni og víða er samkynhneigð hreinlega ekki viðurkennd. Sums staðar er hún líka refsiverð og einstaklingar geta sætt ofsóknum vegna kynhneigðar sinnar. Í Evrópu hefur orðið markviss þróun í átt að auknum réttindum og hafa

fjöldmörg ákvæði laga er fela í sér mismunun í garð samkynhneigðra verið afnumin. Þrátt fyrir jákvæða þróun er enn langt í að alþjóðleg samstaða náist í þessum málaflokki.

Ísland beitir sér fyrir umræðum á vettvangi Sameinuðu þjóðanna um kynhneigð og bættum réttindum samkynhneigðra. Ísland mun vinna að því í samvinnu við önnur ríki sömu skoðunar að afla fylgis við að koma málinu á dagskrá Sameinuðu þjóðanna.

Réttindi einstaklinga með fötlun

Íslensk stjórnvöld:

- taka virkan þátt í að tryggja alþjóðleg réttindi fatlaðra;
- stefna að fullgildingu alþjóðasamnings um réttindi fatlaðra.

Mikilvægt er að tryggj sé að fatlaðir einstaklingar njóti sömu tækifæra og mannréttinda og aðrir þjóðfélagsþegnar. Ísland mun halda áfram virkri þátttöku í að tryggja alþjóðleg réttindi fatlaðra einstaklinga án mismununar. Ísland mun hvetja sérstaka skýrslugjafa mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna til að kanna sérstaklega réttindi einstaklinga með fötlun í ríkjaheimsóknum sínum. Í desember 2006 samþykkti allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samning um réttindi fatlaðra sem er mikilvægt skref í réttindabaráttu fatlaðra. Ísland stefnir að fullgildingu samningsins.

25) Á ensku „sexual orientation“.



Barátta gegn mismunun á grundvelli kynþáttar, þjóðernis eða trúarbragða og efling umburðarlyndis

Íslensk stjórnvöld:

- styðja aðgerðir alþjóðasamfélagsins gegn mismunun á grundvelli kynþáttar, þjóðernis eða trúarbragða;
- leggja áherslu á að ríki efla umburðarlyndi og gagnkvæma virðingu og benda einkum á menntun og fræðslu í því samhengi.

Nokkrir samningar Sameinuðu þjóðanna kveða á um bann við kynþáttamisrétti. Helst ber að nefna samninginn um afnám alls kynþáttamisréttis (Convention on the Elimination of All Forms of Racial Discrimination, CERD) frá árinu 1965. Í baráttunni gegn mismunun á grundvelli kynþáttar eða þjóðernis styður Ísland aðgerðir Sameinuðu þjóðanna, ÖSE og Evrópuráðsins sem miða að því að berjast gegn kynþáttamismunun og útlendingahatri og leggja áherslu á eflingu umburðarlyndis og gagnkvæma virðingu. Ísland beitir sér fyrir framkvæmd lokaskjals leiðtogafundarins gegn kynþáttamisrétti sem haldinn var í Durban 2001.

Trúfrelsi er talið á meðal grundvallarmannréttinda, m.a. í mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna og einnig í samningnum um borgaraleg og stjórn mála réttindi. Með aukinni alþjóðavæðingu hafa samskipti fólks af ólíkum uppruna og menningu aukist. Íslensk stjórnvöld leggja áherslu á að ríki efla umburðarlyndi og gagnkvæma virðingu almennings fyrir trúarbrögðum annarra og komi þannig í veg fyrir átök og deilur. Enn er langt í land með að útrýma mismunun á grundvelli trúar. Mannréttindi eru algild og því ekki hægt að réttlæta mannréttindabrot með því að skírskota til trúarbragða, venja eða hefða. Menntun, fræðsla og hvatning til umburðarlyndis er sennilega besta forvörnin í þessu tilliti þar sem ríkisstjórnir og frjáls félagasamtök gætu tekið höndum saman um slíkt. Ísland

mun beita sér fyrir því að ríki auki heildstæða fræðslu um mismunandi trúarbrögð sem lið í hvatningu til umburðarlyndis og virðingar fyrir hinum fjölmörgu trúarbrögðum heims.

Mannréttindi flóttamanna²⁶ og hælisleitenda

Íslensk stjórnvöld:

- beita sér fyrir vernd mannréttinda flóttamanna og að fundnar séu varanlegar lausnir á vanda þeirra;
- stefna að reglulegri móttöku flóttamanna í samvinnu við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna,²⁷ Rauða kross Íslands og sveitarfélög á Íslandi;
- viðurkenna að flóttamannavandamálið svokallaða er alþjóðlegt og leggja sitt af mörkum til að leysa það með stuðningi við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna og með reglulegri móttöku flóttamanna;
- beita sér fyrir því að ríki gerist aðilar að flóttamannasamningi Sameinuðu þjóðanna frá 1951 og bókun hans frá 1967 og hvetja ríki til þess að virða ákvæði samningsins í hvívetna þegar einstaklingar sækja um hæli sem flóttamenn;
- beita sér fyrir því að bann við heimsendingu flóttamanna sem yrðu í hættu við heimkomu sé virt í hvívetna.

Tugir milljóna einstaklinga í heiminum í dag hafa neyðst til að yfirgefa heimili sín vegna átaka, ofsókna eða af öðrum orsökum. Flestir þessara einstaklinga eru á flóttan innan eigin landamæra og hafa ekki hlotið stöðu flóttamanns samkvæmt skilgreiningu Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna. Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna kveður á um rétt manna til að leita og njóta griðlands erlendis. Flóttamannasamningurinn frá 1951 kveður á um vernd grundvallarmannréttinda flóttamanna, réttindi þeirra og skyldur ríkja. Samningurinn kveður á um vernd til handa þeim sem eru í hættu

26) Flóttamaður er samkvæmt skilgreiningu flóttamannasamnings Sameinuðu þjóðanna frá 1951 og bókun hans frá 1967: sá sem dvelur utan heimalands síns og af ótta við að verða ofsóttur vegna kynþáttar, trúarbragða, þjóðernis, stjórnmálaskoðana eða af öðrum orsökum, og getur ekki eða vill ekki, vegna slíks ótta, færa sér í nyt vernd þess lands. Flóttamaður getur einnig verið sá sem er ríkisfangslaus, og er utan þess lands, þar sem hann hafði reglulegt aðsetur, vegna ofsókna og getur ekki eða vill ekki, vegna ótta, hverfa aftur þangað. 27) Á ensku „United Nations High Commissioner for Refugees, UNHCR“.





vegna kynþáttar, trúarbragða, þjóðernis, aðildar að tilteknum félagasamtökum eða stjórnmalaskoðana. Fólk leggur á flóttu af margvíslegum ástæðum. Það flýr stríð, ættflokkaerjur og þjóðernishreinsanir, hungursneyð, náttúruhamfarir, ofbeldi og mismunun af ýmsum toga. Við slíkar aðstæður gegna hjálparstofnanir mikilvægu hlutverki, ekki síst við að reisa og reka flóttamannabúðir og leitast við að lina þjáningar þessara einstaklinga með því að veita þeim aðstoð og vernd. Við dveljast hundruð þúsunda einstaklinga í flóttamannabúðum, stundum svo árum og áratugum skiptir. Þegar útlit er fyrir að flóttafólk geti ekki snúið aftur, eða vilji ekki snúa til baka til síns heimalands, er unnið að því að það geti öðlast sömu réttindi og aðrir þegnar ríkisins eða eigi kost á búsetu í þriðja landi. Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna aðstoðar við að finna flóttamönnum ný heimkynni í þriðja landi og leitast við að finna varanlegar lausnir á vanda flóttamanna og sjá til þess að mannréttindi þeirra séu virt í hvívetna. Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna hefur það höfuðmarkmið að aðstoða flóttamenn og veita þeim vernd í samvinnu við hjálparstofnanir eins og Rauða krossinn. Íslensk stjórnvöld styðja starf Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna og hafa lagt sitt af mörkum með fjárframlögum til Flóttamannastofnunarinnar. Íslensk stjórnvöld hafa jafnframt boðið flóttamönnum til landsins í samvinnu við Flóttamannastofnunina, Rauða kross Íslands og sveitarfélög í landinu. Þess ber að geta að í febrúar 2007 undirrituðu utanríkisráðherra og félagsmálaráðherra yfirlýsingu sem ætlað er að renna styrkari stoðum undir reglulega móttöku flóttamanna til Íslands, í samvinnu við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna. Vinnubrögð íslenskra stjórnvalda og samstarfsaðila þeirra við móttöku flóttamanna hafa vakið athygli á vettvangi Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna og hefur verið óskað eftir að sú aðferðafræði sem unnið er eftir á Íslandi verði nýtt sem fyrirmynd fyrir aðrar þjóðir.²⁸

Efling réttarríkisins

Íslensk stjórnvöld:

- leggja áherslu á mikilvægi réttarríkisins til að tryggja virðingu og vernd mannréttinda;
- beita sér fyrir eflingu lýðræðis;
- beita sér gegn refsileysi (*impunity*).

Nokkrir alþjóðasamningar hafa að geyma ákvæði um mikilvægi réttarríkisins. Helst skal nefna 14. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi og 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Í formála mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna kemur fram að mannréttindi skuli vernduð af réttarríkinu þar sem réttaröryggi er tryggt. „Það er eitt af meginéinkennum nútímaréttarríkisins að skorið sé úr um réttindi og skyldur manna af dómendum sem eru í senn óháðir öðrum handhöfum ríkisvaldsins og aðilum málsins.“²⁹ Í réttarríki eiga allir að vera jafnir fyrir lögum; þólandur brota skulu hafa jafnan rétt og möguleika á að kæra, að refsað sé fyrir glæpi og að farið sé eftir niðurstöðu dómstóla. Íslensk stjórnvöld eru sannfærð um að virkt réttarríki sé ein grunnforsenda virkrar mannréttindaverndar og beita sér þess vegna fyrir eflingu réttarríkisins. Refsileysi er andstætt réttarríkinu og lýðræði og þess vegna mikilvægt að vinna gegn því. Það er kallað refsileysi þegar stjórnvöld hvorki ákæra né refsa fyrir glæpi sem oft hafa verið framdir með þegjandi samþykki eða vitund stjórnvalda. Efling lýðræðis er að sama skapi samtengd eflingu verndar og virðingar fyrir mannréttindum og leggja íslensk stjórnvöld ríka áherslu á órjúfanleg tengsl mannréttinda og lýðræðis. Ísland styður aðgerðir Sameinuðu þjóðanna, Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu og Evrópuráðsins sem miða að eflingu lýðræðis, réttarríkisins og baráttunnar gegn refsileysi.

28) Sjá fréttalýsingu á heimasíðu utanríkisráðuneytisins dags. 15. febrúar 2007. 29) Sjá bls. 230 í Mannréttindasáttmála Evrópu: Meginreglur, framkvæmd og áhrif á íslenskan rétt. Mannréttindastofnun Háskóla Íslands og Lagadeild Háskólans í Reykjavík. Reykjavík 2005.



Í sumum þróunarríkjum búa allt að 80% íbúa utan réttarkerfisins, hvergi eru til þinglýstar yfirlýsingar eða önnur skjalfest opinber gögn um eigur þeirra og algengt er að fólk eigi hvorki fæðingarvottorð né önnur skilríki. Þegar málum er svona háttað geta íbúar ekki veðsett eignir sínar til lántöku og því eru miklir annmarkar á fjárfestingu og frekari eignamyndun. Að frumkvæði Norðurlandanna var árið 2005 sett á fót alþjóðleg nefnd valinkunnra einstaklinga sem mun kanna leiðir til að tryggja réttarbætur til handa fátæku fólki í þróunarríkjunum. Tillögur nefndarinnar um alþjóðlegar aðgerðir til úrbóta verða lagðar fram á árinu 2008. Íslensk stjórnvöld styðja störf nefndarinnar með fjárframlagi.

Mannréttindi, friður og öryggi

Íslensk stjórnvöld:

- leggja áherslu á að mannréttindi verði betur samþætt vinnu öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna og á öðrum vettvangi friðar og öryggismála;
- leggja áherslu á mikilvægi mannréttindaverndar í fyrirbyggjandi aðgerðum gegn átökum og á virðingu og eflingu mannréttinda við friðaruppbyggingu;
- leggja áherslu á ábyrgð öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna á að koma í veg fyrir þjóðarmorð, stríðsglæpi, þjóðernishreinsanir og glæpi gegn mannkyninu, svo og ábyrgð þess á að bregðast við í tíma, hafi stjórnvöld viðkomandi ríkis brugðist skyldu sinni.

Tengsl mannréttinda, friðar og öryggis hafa hlotið vaxandi viðurkenningu alþjóðasamfélagsins. Í stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna og í mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna kemur fram að virðing fyrir mannréttindum sé forsenda friðar og öryggis í heiminum. Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna, sem

hefur það meginhlutverk að viðhalda friði og öryggi, byggir starf sitt á stofnsáttmálanum ásamt seinni tíma samþykktum.

Í Brahimi-skýrslunni sem gefin var út haustið 2000³⁰, var lögð áhersla á mikilvægi þess að efla lýðræði, mannréttindi og réttarríkið í friðaruppbyggingu. Í skýrslu Kofi Annan, þáverandi aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, „Fyrirbygging vopnaðra átaka“, sem kom út árið 2001³¹, eru settar fram leiðir og tæki til að koma í veg fyrir átök og greining á hlutverkum mismunandi stofnana Sameinuðu þjóðanna, m.a. öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Í skýrslunni kemur fram að mikilvægt sé að efla virðingu fyrir mannréttindum og alþjóðlegum mannréttindareglum og að fjalla um mannréttindabrot hvar sem þau eiga sér stað. Nauðsynlegt sé einnig að vinna að fyrirbyggjandi aðgerðum og nálgast rót vandans og koma þannig í veg fyrir mannréttindabrot. Skrifstofa mannréttinda-fulltrúa Sameinuðu þjóðanna og stöðvar hans á vettvangi gegna mikilvægu hlutverki í því samhengi ásamt skýrslugjöfum ráðsins og sérfræðingum. Mikilvægur hlekkur í þessari vinnu er að ríki gerist aðilar að mannréttinasamningum og Alþjóðlega sakamáladómstólum.

Með ályktun öryggisráðsins nr. 1366 (2001) studdi ráðið skýrslu aðalframkvæmdastjórans þáverandi og bauð honum að framsenda til öryggisráðsins gögn frá stofnunum Sameinuðu þjóðanna sem innihalda upplýsingar um alvarleg brot á alþjóðlegum mannréttinda- og mannúðarlögum og um ríki þar sem hætta er á átökum. Þetta hefur ýtt undir þá skoðun, einnig í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna, að aukin virðing fyrir mannréttindum sé mikilvægur þáttur í því að viðhalda friði og öryggi í heiminum.

Með samþykkt ályktunar leiðtogafundarins 2005 samþykktu aðildarríki Sameinuðu þjóðanna að einstök ríki beri ábyrgð á því að vernda íbúa sína gegn *þjóðarmorðum*, *stríðsglæpum*, *þjóðernishreinsunum* og *glæpum gegn mannkyninu*, svokallaða „skyldu til að vernda“ („responsibility to protect“), og aðildarríkin hétu því að bregðast við í samræmi við þessa skyldu. Ályktunin kvað einnig á um sameiginlega ábyrgð alþjóðasam-

³⁰ Sjá heildarskýrsluna í skjali A/55/305–S/2000/809, dags. 21. ágúst 2000, sem ber heitið „Report of the Panel on United Nations Peace Operations“. ³¹ Sjá heildarskýrsluna í skjali A/55/985–S/2001/574, dags. 7. júní 2001, sem ber heitið „Prevention of armed conflict“.





félagsins á „að vernda“ og koma í veg fyrir slíka glæpi í samræmi við 6. og 8. kafla stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna. Í kjölfarið hafa aðildarríki Sameinuðu þjóðanna skuldbundið sig til sameiginlegra aðgerða á vettvangi öryggisráðsins, í samræmi við stofnsáttmálann, þ.m.t. 7. kafla, í samstarfi við viðkomandi svæðisstofnanir ef við á. Þegar um svo alvarleg og kerfisbundin mannréttindabrot er að ræða sem að framan greinir, friðarumleitarnir hafa ekki borið árangur og stjórnvöld viðkomandi ríkis hafa brugðist þeirri skyldu sinni að vernda mannréttindi þegna sinna, leggur Ísland áherslu á að alþjóðasamfélagið bregðist ekki þeirri skyldu sinni að vernda borgarana. Í þessu samhengi er rétt að nefna að Ísland styður starf sérstaks ráðgjafa (*special advisor*) aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna um þjóðarmorð sem stofnað var til um mitt ár 2004 enda stofnun þessa embættis mikilvæg og tímabær.

Vernd mannréttinda í baráttunni við hryðjuverk

Íslensk stjórnvöld:

- leggja áherslu á að baráttan gegn hryðjuverkum megi ekki vera á kostnað mannréttinda og að mikilvægt sé að alþjóðlegar mannúðar- og mannréttindareglur séu virtar í hryðjuverkavörnum.

Hryðjuverkaógnin hefur lengi verið til staðar og til umræðu á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, en baráttan gegn henni tók nýja stefnu í kjölfar atburðanna 11. september 2001. Íslensk stjórnvöld styðja baráttuna gegn hryðjuverkum og ítreka að sú baráttan verði að eiga sér stað innan ramma alþjóðlegrar samvinnu. Íslensk stjórnvöld studdu stofnun embættis skýrslugjafa mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna um vernd mannréttinda í baráttunni við hryðjuverk og styðja vinnu skýrslugjafans. Íslensk stjórnvöld fordæma hryðjuverk, en ríkjum ber skylda til

að vernda borgara sína gegn hryðjuverkum. Íslensk stjórnvöld áréttta jafnframt að aðgerðir einstakra ríkja gegn hryðjuverkum verða að samræmast alþjóðalögum, ekki síst mannúðarlögum og mannréttindum. Virðing fyrir mannréttindum og réttarríkinu er mikilvægt tæki í baráttunni við hryðjuverk – þetta eru ekki forréttindi sem hægt er að fórnna á álagstímum. Á vettvangi Sameinuðu þjóðanna hefur Ísland tekið virkan þátt í baráttunni gegn hryðjuverkum og haldið því sjónarmiði á lofti að ríkin beri ábyrgð á því að uppræta hryðjuverkastarfsemi og að draga þá einstaklinga til ábyrgðar sem slíkt brot fremja. Hryðjuverkasamtök brjóta mannréttindi með aðgerðum sínum og það er hlutverk stjórnvalda að láta einstaklinga, sem fremja hryðjuverk, bera ábyrgð á gjörðum sínum, innan ramma alþjóðlegra mannúðar- og mannréttindalaga.

Þess má geta að í maí 2005 undirritaði Ísland tvo samninga á vettvangi Evrópuráðsins um aðgerðir gegn hryðjuverkum, annars vegar um hryðjuverkaforvarnir („Council of Europe Convention on the Prevention of Terrorism“) og hins vegar um peningaþvætti, leit, haldlagningu og eignaupptöku ávinnings af glæpastarfsemi og um fjármögnun hryðjuverka („Council of Europe Convention on Laundering, Search, Seizure and Confiscation of the Proceeds from Crime and on the Financing of Terrorism“). Unnið er að fullgildingu þessara samninga.



Afnám dauðarefsinga, barátta gegn aftökum án dóms og laga, mannhvörfum og pyntingum

Íslensk stjórnvöld:

- beita sér fyrir afnámi dauðarefsinga og, þar til því takmarki er að fullu náð, beita sér fyrir takmörkun á beitingu þeirra;
- beita sér gegn aftökum án dóms og laga;
- stefna að fullgildingu nýs alþjóðasamnings Sameinuðu þjóðanna um mannhvörf;
- beita sér gegn pyntingum og leitast við að koma í veg fyrir slíka vanvirðandi meðferð eða refsingu;
- stefna að fullgildingu valfrjálsrar bókunar við samning Sameinuðu þjóðanna gegn pyntingum³² og munu hvetja önnur ríki til að fullgilda bæði samninginn og valfrjálsu bókunina;
- styðja fórnarlömb pyntinga, m.a. með fjáframlögum í sjóð Sameinuðu þjóðanna fyrir fórnarlömb pyntinga.

Íslensk stjórnvöld telja að dauðarefsing sé grim og ómannúðleg refsiaðferð sem beri að afnema og er Ísland aðili að alþjóðasamningnum er kveða á um bann við eða takmörkun á beitingu hennar. Íslensk stjórnvöld hafa í mörg ár talað fyrir afnámi dauðarefsinga og, sem skrefi í þá átt, takmörkun á beitingu hennar og átt aðild að fjölmörgum samþykktum sem kveða á um slíkt bann. Ísland á aðild að valfrjálsri bókun númer tvö við samninginn um borgaraleg og stjórn-málaleg réttindi, svo og samningsviðaukum 6 og 13 við mannréttindasáttmála Evrópu, sem kveða á um bann við dauðarefsingu. Að auki á Ísland aðild að alþjóðasamningnum um borgaraleg- og stjórn-málaleg réttindi, en 6. gr. þessa samnings vísar til þeirra ríkja sem ekki hafa afnumið dauðarefsingar og fjallar um takmark-anir á beitingu þeirra.

Talsvert hefur áunnist í baráttunni gegn dauðarefsingum þó enn sé langt í land. Samkvæmt upplýsingum frá Amnesty International höfðu einungis sextán ríki afnumið dauðarefs-

ingu fyrir alla glæpi árið 1977, nú eru ríkin og landsvæðin orðin áttatíu og átta. Ellefu ríki til viðbótar hafa afnumið dauðarefs-ingu fyrir alla glæpi, nema um stríðsglæpi sé að ræða. Tuttugu og níu ríki til viðbótar hafa haldið dauðarefsingum inni í lögum en ekki beitt aftökum síðastliðin tíu ár eða lengur (óvirk dauðarefsing) og er talið að í þeim ríkjum hafi slíkar refsingar verið aflagðar. Samanlagt eru ríkin eitt hundrað tuttugu og átta sem aflagt hafa dauðarefsingu með einum eða öðrum hætti. Samkvæmt upplýsingum Amnesty eru sextíu og níu ríki og landsvæði sem beita áfram dauðarefsingu og árið 2005 fóru 94% allra dauðarefsinga fram í Kína, Íran, Sádi-Arabíu og Bandaríkjunum.

Skýrslugjafi mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna, sem fjallar um aftökur án dóms og laga, telur hættu á slíkum aftökum í öllum heimshlutum. Íslensk stjórnvöld styðja vinnu skýrslugjafans og beita sér á alþjóðlegum vettvangi gegn slíkum aftökum. Mannshvörf eru nátengd aftökum án dóms og laga. Í desember 2006 samþykkti allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna nýjan alþjóðasamning gegn mannhvörfum. Samningurinn miðar að því að koma í veg fyrir mannhvörf, en þá er einkum átt við tilvik þar sem einstaklingar, sem sviptir hafa verið frelsi, hverfa sporlaust. Ísland stefnir að fullgildingu samningsins.

Ísland beitir sér fyrir afnámi pyntinga og annarrar niðurlægj-andi eða vanvirðandi meðferðar enda eru stjórnvöld þeirrar skoðunar að pyntingar séu ekki réttlætanager undir neinum kringumstæðum. Fimmta grein mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna kveður á um að enginn skuli sæta pynt-ingum, og eru pyntingar og önnur grimmileg, vanvirðandi eða niðurlægjandi meðferð, bannaðar samkvæmt samningi Sameinuðu þjóðanna gegn pyntingum (CAT) og fleiri alþjóða-samningum sem Ísland á aðild að, svo sem Evrópuráðssamningnum um varnir gegn pyntingum. Ísland stefnir að fullgild-ingu valfrjálsrar bókunar við samning Sameinuðu þjóðanna gegn pyntingum og mun hvetja önnur ríki til að fullgilda bæði samninginn og valfrjálsa bókun hans. Valfrjálsa bókunin fjallar

32) Á ensku „Optional Protocol to the Convention against Torture and Other Cruel, Inhuman or Degrading Treatment or Punishment“ (CAT). Ísland undirritaði valfrjálsu bókunina árið 2003. Ísland fullgilti CAT árið 1996.





annars vegar um stofnun alþjóðlegrar forvarnar- eða eftirlitsnefndar (*Subcommittee on Prevention*) til að koma í veg fyrir pyntingar og hins vegar um viðhald eða stofnun innlends fyrirkomulags í sama tilgangi.

Mannréttindi og þróunarsamvinna

Íslensk stjórnvöld:

- vinna að eflingu mannréttinda og lýðræðis á vettvangi þróunarsamvinnu;
- leita leiða til að samþætta mannréttindasjónarmið í fjölþjóðlegum og tvihliða þróunarverkefnum;
- munu efla samstarf við stofnanir Sameinuðu þjóðanna, Alþjóðabankans og frjálsra félagasamtaka á sviði mannréttindamála.

Markmið þróunarsamvinnu og mannréttindastefnu eru að hluta til þau sömu – að búa til betri heim fyrir íbúa heims með „mannlega reisn“ að leiðarljósi. Hin síðustu ár hefur náðst viðtæk sátt um tengsl mannréttinda og þróunar. Í stefnumiðum Íslands í þróunarsamvinnu 2005-2009, sem fjalla um lýðræði, mannréttindi og stjórnarfar, er m.a. kveðið á um að efling mannréttinda sé órjúfanlegur þáttur í baráttunni gegn fátækt, kúgun og ófriði. Í stefnumiðunum er tekið fram að íslensk stjórnvöld muni taka tillit til lýðræðisþróunar, ástands mannréttindamála og stjórnarfars við val á samstarfslöndum Íslands. Reynslan sýnir að stjórnarfar og lýðræðislegt þjóðskipulag sem byggist á leikreglum réttarríkisins og virðingu fyrir mannréttindum er undirstaða efnahagslegrar og félagslegrar þróunar. Í þróunarsamvinnu Íslands er lögð höfuðáhersla á að draga úr fátækt á grundvelli þúsaldarmarkmiðanna. Íslensk þróunarsamvinna stuðlar að félagslegri og efnahagslegri þróun í fátækustu ríkjum heims og gegnir þannig mikilvægu hlutverki í baráttunni gegn fátækt. Í fjölmörgum þróunarsam-

vinnuverkefnum, sem njóta stuðnings Íslands, er komið inn á mannréttindamál á einn eða annan hátt. Íslensk stjórnvöld munu áfram leita leiða til að efla mannréttindasjónarmið á vettvangi þróunarsamvinnu.

Árið 2006 ákváðu kjördæmi Norðurlanda og Eystrasaltsríkja við Alþjóðabankann að stofna styrktarsjóð innan Alþjóðabankans sem miðar að því að efla hlut mannréttinda í störfum bankans. Helstu áhersluatriði sjóðsins eru að efla rannsóknir Alþjóðabankans á mikilvægi mannréttinda fyrir efnahagslega og félagslega framþróun og efla sérþekkingu bankans á verkefnum sem tengjast umbótum á sviði dómstóla og réttarfars. Þá er einnig gert ráð fyrir að sjóðurinn geti stutt við úttektir á stofnanaumhverfi og málsmeðferð dómstóla í aðildarlöndum Alþjóðabankans. Gert er ráð fyrir allt að 22 milljóna dala framlagi til sjóðsins á næstu 3-5 árum og munu íslensk stjórnvöld leggja fram 150.000 dali til verkefnisins sem greiðast á árunum 2006-2008.

Efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi

Íslensk stjórnvöld:

- beita sér fyrir því að vernd efnahagslegra, félagslegra og menningarlegra réttinda hljóti aukið vægi í alþjóðlegu samstarfi.

Efnahagsleg, félagsleg, og menningarleg réttindi njóta síaukinnar viðurkenningar á vettvangi Sameinuðu þjóðanna eftir að hafa um árabil fallið í skugga borgaralegra og stjórnmála-legra réttinda. Alþjóðasamningur Sameinuðu þjóðanna um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi (International Covenant on Economic, Social and Cultural Rights, CESCR), kveður meðal annars á um rétt til almannatrygginga, rétt til viðunandi lífsafkomu, rétt til menntunar, rétt til að njóta líkamlegrar og andlegrar heilsu að hæsta marki sem unnt er, rétt til vinnu o.fl. Efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi





eru viðtæk en nauðsynleg til að einstaklingurinn fái búið við mannsæmandi lífsskilyrði og heildstæð vernd þeirra er forsenda þess að fólk fái notið borgaralegra og stjórnámálegra réttinda. Ísland mun taka virkan þátt í störfum vinnuhóps mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna sem vinnur að gerð valfrjálsrar bókunar við CESC. ³³ Ekki er einhugur á meðal aðildarríkja um gerð valfrjálsrar bókunar en formaður vinnuhópsins hefur fengið umboð til að leggja drög að innihaldi slíkrar bókunar sem munu liggja til grundvallar í komandi samninga-viðræðum. Ísland mun beita sér fyrir því að vernd efnahagslegra, félagslegra og menningarlegra réttinda hljóti aukið vægi í alþjóðlegu samstarfi og hvetur þau ríki sem ekki hafa fullgilt samninginn um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi til að gera slíkt án tafar. Íslensk stjórnvöld vinna að fullgildingu endurskoðaðs félagsmálasáttmála Evrópu.

Mannréttindi, viðskipti og ábyrgð fyrirtækja

Íslensk stjórnvöld:

- leggja áherslu á að í svæðisbundinni og fjölþjóðlegri viðskiptasamvinnu sé ekki horft fram hjá grundvallarsamþykktum ILO á sviði mannréttinda og öðrum mannréttindareglum;
- leggja áherslu á að alþjóðleg fyrirtæki axli ábyrgð á mannréttindavernd og í því samhengi á ábyrgð stjórnvalda á að finna leiðir til slíks;
- hvetja íslensk fyrirtæki til að gerast aðilar að Global Compact.

Umræður um tengsl mannréttinda og viðskipta verða sífellt fyrirferðarmeiri á alþjóðavettvangi. Þegar fjallað er um tengsl mannréttinda og viðskipta eru það einkum mannréttindasamþykktir Alþjóðavinnuástandastofnunarinnar (International Labour Organization, ILO), er varða félagafrelsi, nauðungarvinnu, jafnrétti á vinnustað, afnám barnaþrælkunar o.fl., sem eru í forgrunni. Það er ljóst að við eflingu og vernd mannréttinda á

tímum hnattvæðingar verður þáttur atvinnulífsins ekki undanskilinn.

Ísland telur mikilvægt að Alþjóðaviðskiptastofnunin (World Trade Organization, WTO) og stofnanir Sameinuðu þjóðanna eigi reglulegt samráð til að leitast við að tryggja að í svæðisbundinni og fjölþjóðlegri viðskiptasamvinnu sé ekki horft fram hjá grundvallarsamþykktum ILO á sviði mannréttinda og öðrum mannréttindareglum og jafnframt hvatt til fullgildingar á slíkum samþykktum þar sem skortir á. Með hnattvæðingunni hafa fyrirtæki fært út kvíarnar og hafa mörg hver starfsstöðvar í ríkjum þar sem brotið er gegn grundvallarstöðlum og viðmiðunum á sviði mannréttinda og hefur slíkt vakið upp umræður um ábyrgð fyrirtækja. Mikilvægt er að alþjóðleg fyrirtæki axli ábyrgð á mannréttindavernd, en það er á ábyrgð stjórnvalda hvers ríkis að finna leiðir til slíks og þá í samstarfi við fyrirtækin.

Í þessu samhengi er vert að nefna átak Sameinuðu þjóðanna sem fyrrum aðalframkvæmdastjóri samtakanna, Kofi Annan, kynnti á fundi Alþjóðaeftirfarisráðsins (World Economic Forum) í Davos árið 1999 og skoraði þar á viðskiptaleiðtoga að taka höndum saman í alþjóðlegu átaki „Global Compact“ sem myndi leiða saman fyrirtæki, stofnanir Sameinuðu þjóðanna og borgaralegt samfélag til að styðja alþjóðlegar grundvallarreglur á sviði umhverfisverndar og mannréttinda. Global Compact var formlega stofnsett í júlí árið 2000. Nú eru þúsundir fyrirtækja úr öllum heimsálfum, vinnuástandastofnanir og félagasamtök þátttakendur í Global Compact. Með aðild að Global Compact eru þátttakendur skuldbundnir til að vinna að framgangi tíu grundvallarreglna á sviði mannréttinda, vinnuverndar og umhverfismála og gegn spillingu. Það sem fyrirtæki þurfa að gera til að eiga aðild að umræddu samstarfi er að senda bréf til Global Compact og lýsa stuðningi við fyrrgreind tíu grundvallarviðmið, sjá nánar á vefsíðu átaksins <http://www.unglobalcompact.org> Nú þegar eiga tvö íslensk fyrirtæki aðild að umræddu átaki og hvetja stjórnvöld fleiri íslensk fyrirtæki til að gerast aðilar.

³³ Gerð valfrjálsrar bókunar við CESC felur í sér gerð kærueftvangs.



Alþjóðastofnanir og vernd mannréttinda

Mannréttindi á vettvangi Sameinuðu þjóðanna

Breytt landslag í umfjöllun um mannréttindamál á vettvangi Sameinuðu þjóðanna

Landslag í mannréttindamálum hefur breyst töluvert síðustu misserin, ekki síst með ákvörðun allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna frá 15. mars 2006 um stofnun nýs mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna (Human Rights Council, HRC) í stað þess eldra, sem stofnsett var árið 1946.

Mannréttindi eru mikilvægur þáttur í starfsemi Sameinuðu þjóðanna og hefur starf þeirra á þessu sviði styrkst enn frekar með sérstöku embætti mannréttindafulltrúa Sameinuðu þjóðanna sem stofnað var hinn 20. desember 1993 með ályktun allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna nr. 48/141 í samræmi við tillæli alþjóðaráðstefnu um mannréttindi sam haldin var í Vinarborg sama ár. Starfsemi mannréttindaskrifstofu Sameinuðu þjóðanna (OHCHR) og mannréttindafulltrúans hefur verið verulega eflid hin síðustu ár, auk þess sem öll aðstaða mannréttindaskrifstofunnar hefur verið bætt verulega. Þess skal getið að mannréttindaskrifstofa Sameinuðu þjóðanna (OHCHR) er með aðsetur í Genf ásamt mannréttindafulltrúa samtakanna (UNHCHR) og mannréttindaráðinu. Einnig eru nefndir flestallra mannréttindasamninga með aðsetur í Genf og þar fara yfirleitt fram skýrsluvarnir aðildarríkja undir viðkomandi samningum og viðræður um gerð nýrra samninga.

Í hinu nýja mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna eiga sæti 47 ríki sem kosin eru af allsherjarþinginu en í eldra ráðinu áttu sæti 53 ríki sem kjörin voru af 54 aðildarríkjum Efnahags- og félagsmálaráðs Sameinuðu þjóðanna (ECOSOC). Með stofnun nýs ráðs eru vonir bundnar við að auka megi virkni og sveigjanleika í umfjöllun um mannréttindamál þar sem nýja ráðið sé betur í stakk búið en það eldra til að gripa til fyrirbyggjandi aðgerða þegar teikn eru á lofti um að mannréttindabrot séu yfirvofandi. Nýja ráðið hefur öflugra umboð en það eldra og heyrir beint undir allsherjarþing Sameinuðu

þjóðanna. Nýja ráðið fundar þrisvar til fjórum sinnum yfir árið, tíu vikur alls, en ekki aðeins í sex vikur samfleytt eins og áður tíðkaðist. Þá getur þriðjungur aðildarríkja krafist þess að ráðið verði kallað saman með stuttum fyrirvara til að bregðast við mannréttindabrotum, um leið og þau eru framin.

Starfsemi mannréttindaráðsins er í mótun og er ljóst að hún mun fyrst um sinn einkennast af því að verið er að endurskoða alla þætti þess frá grunni. Afar mikilvægt er í endurskoðunarferlinu sem nú stendur yfir að byggt verði á því sem vel tókst hjá eldra ráðinu og að mistök þess verði ekki endurtekin, enda brýn nauðsyn á sterkri mannréttindavernd á vegum Sameinuðu þjóðanna.

Finnland á nú sæti í ráðinu fyrir hönd Norðurlanda en kjörtímabilinu lýkur í júní 2007. Danmörk hefur tilkynnt um framboð sitt (framboð Norðurlanda) fyrir kjörtímabilið 2007-2010. Ísland hefur aldrei átt sæti í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna en hyggst, í samræmi við aukna áherslu íslenskra stjórnvalda á mannréttindamál, sækjast eftir setu í ráðinu innan tíðar, í samvinnu og samráði við Norðurlöndin.

Alþjóðleg samvinna er lykill að árangri

Ekki þarf að hafa mörg orð um það hvað alþjóðleg samvinna er mikilvæg, ekki síst fámennum ríkjum með litla stjórnarsýslu eins og Íslandi. Ísland hefur náði samráð við Norðurlönd, JUSCANZ-ríki³⁴ og WEOG-ríki³⁵ og, eftir atvikum, Eystrasaltsríki á vettvangi alls mannréttindastarfs innan Sameinuðu þjóðanna. Fulltrúar Norðurlanda og Eystrasaltsríkja eiga reglulegt samráð í höfuðborgum, með innlendum mannréttindastofnunum. Á samráðsfundum Norðurlandanna er farið yfir það sem hæst ber hverju sinni, strengir stilltir og verkum skipt á milli ríkjanna hvað varðar sameiginlegar ræður Norðurlanda, ályktanaflutning og annað. Jafnframt er á fundum Norðurlanda farið yfir framboðsmál enda er náði samráð á milli Norðurlandanna um framboð ríkjanna til setu í nefndum og ráðum. Almenna reglan er sú að Norðurlöndin bjóða ekki fram hvert á móti öðru heldur sameiginlega, með stuðningi

34) Almenn skilgreining á aðildarríkjum eru vestræn ríki sem ekki eiga aðild að Evrópusambandinu. 35) WEOG-hópurinn samanstendur af vestrænum ríkjum.



og aðstoð hvers annars. Höfuðborgarfulltrúar EFTA³⁶-ríkjanna hafa einnig nýverið hafið óformlegt samráð sín á milli og með þrjú Evrópusambandsins, sem er afar gagnlegur vettvangur til skoðanaskipta. WEOG- og JUSCANZ-samráð á sér stað í fastanefndum í Genf og New York en ekki í höfuðborgum.

Mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna

Íslensk stjórnvöld:

- beita sér fyrir því að í endurskoðunarferli mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna verði ekki vikið frá möguleikanum á því að fjalla um ástand mannréttindamála í einstökum ríkjum og/eða landsvæðum;
- beita sér fyrir því að ekki verði hvikað frá sameiginlegri ábyrgð alþjóðasamfélagsins á vernd borgaranna;
- hvetja ríki til að vinna með skýrslugjöfum ráðsins og gefa út „opið boð“ (standing invitation) til fulltrúa þess;
- beita sér fyrir áframhaldandi þátttöku frjálsra félagasamtaka í fundum mannréttindaráðsins;
- beita sér fyrir því að UPR³⁷ komist á legg sem fyrst og verði til viðbótar við skýrsluskil og fyrirtökur undir hinum ýmsu mannréttindasamningum – að þar verði innbyggð eftirfylgni;
- hyggjast taka virkari þátt í störfum mannréttindaráðsins í samræmi við málefnaáherslur Íslands, m.a. með aukinni þátttöku í samningaviðræðum og skoðanaskiptum við einstaka fulltrúa mannréttindaráðsins.

Dagskrá mannréttindaráðsins er þétt skipuð og þar er fjallað um mannréttindi í sinni fjölbreyttustu mynd. Fjallað er um mannréttindi í ákveðnum ríkjum og landsvæðum, sjálfs-ákvörðunarrett þjóða, efnahagsleg, félagsleg, og menningarleg réttindi, borgaraleg, og stjórn mála og réttindi, pyntingar, mannshvörf, aftökur án dóms og laga, tjáningarfrelsi, trúfrelsi og fleira mætti telja. Einnig er fjallað um kynþáttamisrétti,

réttindi minnihlutahópa, réttindi kvenna og barna, hryðjuverk, menntun, fátækt, alþjóðavæðingu, stöðu alþjóðlegra mannréttindasamninga og verjendur mannréttinda.

Sem fyrr greinir hefur Ísland aldrei átt aðild að mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna en hefur haft stöðu áheyrnarfulltrúa. Þar af leiðandi greiða fulltrúar Íslands á þingunum ekki atkvæði um ályktunartillögur sem lagðar eru fyrir fundina. Áheyrnarriki í ráðinu hafa þó alla möguleika á að taka þátt í störfum þess að öðru leyti. Þátttaka fulltrúa Íslands hefur miðast við að taka þátt í umræðum eins og kostur er hverju sinni; fara yfir allar ályktunartillögur sem lagðar eru fyrir fundi ráðsins og taka þátt í samningaviðræðum um þær eftir föngum; í framhaldi er ákveðið hvort af meðflutningsaðild Íslands verður. Íslensk stjórnvöld munu leitast við að taka aukinn þátt í samningaviðræðum á vettvangi mannréttindaráðsins í samræmi við áherslur Íslands og auka samráð við innlenda og erlenda sérfræðinga og frjáls félagasamtök við undirbúning þátttöku í fundum ráðsins svo og í vinnuhópum þess. Hvað varðar endurskoðun á uppbyggingu mannréttindaráðsins hafa íslensk stjórnvöld lagt áherslu á að þær kröfur sem gerðar eru til eflingar og verndar mannréttinda geti einungis aukist en ekki minnkað. Aðildarríki Sameinuðu þjóðanna samþykktu á leiðtogafundinum 2005 að beita sér gegn grófum mannréttindabrotum og staðfestu að vernd borgaranna væri sameiginleg ábyrgð alþjóðasamfélagsins. Ekki má varpa 60 ára mannréttindastarfi Sameinuðu þjóðanna fyrir röða við uppsetningu á nýju ráði og þess vegna mun Ísland m.a. beita sér gegn því að mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna leggi niður möguleikann á að fjalla um ástand mannréttindamála í einstökum ríkjum því að slík umfjöllun veitir aðhald. Hins vegar mætti ræða leiðir til þess að gera slíkt með öðrum hætti en hingað til og væri þá æskilegt að það yrði í samstarfi/skoðanaskiptum við ríkin sem um ræðir. Hafni hins vegar viðkomandi ríki samstarfi verður mannréttindaráðið að bregðast við því með viðunandi hætti.

Á vegum mannréttindaráðsins er verið að þróa aðferðafræði

36) Fríverslunarsamtök Evrópu, European Free Trade Association, EFTA. 37) Heildaryfirlit um ástand mannréttindamála (Universal Periodic Review – UPR).





við heildaryfirferð á ástandi mannréttindamála (*Universal Periodic Review – UPR*) og er ætlunin með því fyrirkomulagi að reglulega sé fjallað um ástand mannréttindamála í öllum ríkjum veraldar, burtséð frá því hvort ríkin eru aðilar að tilteknum alþjóðasamningum á sviði mannréttinda. UPR getur gegnt mikilvægu hlutverki við að varpa ljósi á ástand mannréttindamála og því mikilvægt að vel takist til með uppsetningu þess. Þau ríki sem sæti eiga í ráðinu fara fyrst fyrir UPR. Til viðbótar skal þess getið að aðildarríkjum alþjóðasamninga um mannréttindi á vettvangi Sameinuðu þjóðanna ber með ákveðnu millibili að skila skýrslum til sérfræðinganefnar um framkvæmd á viðkomandi samningi. Fulltrúar stjórnvalda eru í framhaldi af því boðaðir á fund viðkomandi nefndar þar sem skýrsluvörn fer fram. Hérlandis hafa fulltrúar íslenska dómsmálaráðuneytisins oftast nær undirbúið skýrsluvarnir Íslands og í flestum tilfellum farið með vörn Íslands sem ýmist fer fram í Genf eða New York enda ber dómsmálaráðuneytið ábyrgð á innlendum mannréttindamálum og á íslenskri framkvæmd. Ef vel tekst til verður UPR viðbót við skýrsluvarnir undir mannréttindasamningum. Þær valfrjáslu skuldbindingar (*pledges*) sem ríki leggja fram þegar þau bjóða sig fram til setu í ráðinu eru skref í rétta átt, en duga þó skammt. Það yrði hins vegar mjög til bóta ef samstaða næðist um að þau ríki sem hyggjast bjóða sig fram til setu í mannréttindaráðinu gefi út „opið boð“ til skýrslugjafa ráðsins um að heimsækja ríkið og taka út ástandið ásamt skuldbindingu um að vinna með ráðinu og skýrslugjöfum þess í hvívetna.³⁸

Ísland var meðal fyrstu ríkja Sameinuðu þjóðanna til að gefa út svokallað „opið boð“ eða „standing invitation“ til skýrslugjafa ráðsins um að heimsækja Ísland hvenær sem er og gera úttekt á ástandi mannréttindamála. Samkvæmt upplýsingum mannréttindaskrifstofu Sameinuðu þjóðanna hafa ríflega 50 aðildarríki samtakanna gefið út slíkt boð.

Á vegum mannréttindaráðsins starfa svonefndir *skýrslugjafar (special rapporteurs)*³⁹ sem ætlað er að fylgjast með stöðu mannréttindamála í ríkjum þar sem mannréttindavernd er

ábótavant. Einnig hefur skýrslugjöfum ráðsins og/eða óháðum sérfræðingum verið fallið að kanna ástand mannréttinda eftir mismunandi málaflokkum, óháð landsvæðum. Starfandi skýrslugjafar á vegum mannréttindaráðsins eftir málaflokkum (*thematic mandates*) eru 28 talsins og 13 eftir ríkjum/landsvæðum (*country mandates*). Skýrslugjafar kynna skýrslur sínar á fundum ráðsins og síðan gefst öllum þingfulltrúum (aðildarríkjum, áheyrnaríkjum og frjálsum félagasamtökum) tækifæri til að taka þátt í svokölluðum gagnvirkum *skoðanaskiptum (interactive dialogue)*. Skýrslugjafarnir eru í reynd augu og eyru ráðsins og íslensk stjórnvöld eru þeirrar skoðunar að afar mikilvægt sé, í því endurskoðunar- og umbótaferli sem mannréttindaráðið fer nú í gegnum, að staða þeirra og aðkoma verði styrkt frekar en hitt. Ástæða er til að nefna að þar sem mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna samanstendur af ríkjum verður umræða á vegum þess alltaf að hluta til af pólitískum toga - hjá því verður ekki komist.

Mögulegt er að leggja fram kærur um meint mannréttindabrot til mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna. Kæruvettvangurinn, sem kallast „1503 procedure“, hefur verið í gildi frá 1970 og er einn sá elsti sinnar tegundar innan Sameinuðu þjóðanna. Einstaklingur(ar) og/eða hópar, eða félög sem telja sig hafa greinargóðar upplýsingar um meint mannréttindabrot, geta lagt fram kærur til 1503. Aðildarríki mannréttindaráðsins sitja fundi 1503. Tugþúsundir kæra berast mannréttindaskrifstofunni árlega. Þegar mannréttindaskrifstofunni hefur borist kæra undir 1503 fer hún í gegnum ákveðið ferli sem er það flókið að fæstar kærur ná endastöð og þar af leiðandi hefur 1503 ekki borið tilætlaðan árangur. Kæruferlið er í endurskoðun og beita íslensk stjórnvöld sér fyrir því að sú endurskoðun leiði af sér einfaldara og árangursmiðaðra kæruferli í þágu brotabola og þeirra sem telja sig búa yfir upplýsingum um meint mannréttindabrot. Hvað varðar endurskoðun á *undirnefnd mannréttindaráðsins*, sem sjálfstæðir sérfræðingar eiga sæti í, leggur Ísland áherslu á að niðurstaðan verði til þess fallin að styrkja alþjóðlega mannréttindavernd.

38) Sjá nánar á heimasíðu mannréttindaskrifstofu Sameinuðu þjóðanna. 39) Einnig nefndir „Special Representative of the Secretary-General, Representative of the Secretary-General, Representative of the Human Rights Council, Special Envoy eða Independent Expert“.



Þriðja nefnd allsherjarþingsins

Íslensk stjórnvöld:

- leggja áherslu á þátttöku Íslands í þriðju nefnd allsherjarþingsins í samræmi við málefnaáherslur Íslands;
- beita sér fyrir endurskoðun á starfsemi og umboði þriðju nefndar allsherjarþingsins;
- beita sér fyrir bættum vinnuáferðum nefndarinnar.

Öll aðildarríki Sameinuðu þjóðanna eiga aðild að þriðju nefnd allsherjarþingsins, sem fjallar um mannréttindi og félagsmál. Þriðja nefnd allsherjarþingsins fundar í 8 vikur samfleytt frá byrjun október til loka nóvember ár hvert. Á dagskrá þriðju nefndar eru að mörgu leyti sömu mál og hjá mannréttindaráðinu og munu íslensk stjórnvöld haga þátttöku í samræmi við málefnaáherslur Íslands. Íslensk stjórnvöld styðja aðgerðir á mannréttindasviðinu sem miða að því að vernda og efla alþjóðleg mannréttindi. Í endurskoðunarferlinu, sem Sameinuðu þjóðirnar fara nú í gegnum, og með stofnun nýs mannréttindaráðs er nauðsynlegt að umboð og verksvið þriðju nefndar allsherjarþingsins verði einnig endurskoðuð, með skilvirkni að leiðarljósi og til að forðast tvíverknað og auka samvinnu á milli þeirra tveggja helstu stöða Sameinuðu þjóðanna í mannréttindamálum.

Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu (ÖSE)

Íslensk stjórnvöld:

- stuðla að frekari þróun lýðræðis og mannréttinda á vettvangi ÖSE og styrkingu mannréttinda- og lýðræðisstofnana;
- leggja áherslu á baráttuna gegn mansali og hryðjuverkum;
- leggja áherslu á framkvæmd lýðræðislegra kosninga.

Mannlega viddin (*human dimension*) er þáttur í starfsemi Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE) sem Ísland hefur jafnan lagt áherslu á. Starf ÖSE á sviði mannréttindamála lýtur einkum að skyldu þátttökuríkja til að virða mannréttindi og grundvallarréttindi, sem eru byggð á meginreglum um réttarríki, vinna að grundvallarreglum lýðræðis með því að byggja upp, styrkja og vernda lýðræðisstofnanir og að breiða út umburðarlyndi á ÖSE-svæðinu. Einkum er um að ræða baráttuna gegn mansali, aðstoð við þátttökuríki við uppbyggingu lýðræðisstofnana, fræðslu- og endurmenntunarverkefni sem lið í átakavörnum og enduruppbyggingu í kjölfar átaka, kosningaefirlit og aðstoð við framkvæmd kosninga sem heyrir undir starfsemi ÖSE á sviði lýðræðisuppbyggingar. ÖSE telur jafnrétti kynjanna órjúfanlegan hluta af sjálfbæru lýðræði og er það stefna ÖSE að taka það inn í stefnur og framkvæmd verkefna. ÖSE fylgist grannt með þróun fjölmiðla í þátttökuríkjunum með það að markmiði að vekja athygli á brotum á tjáningarfrelsi. ÖSE hefur jafnframt unnið árangursríkt starf á sviði réttinda minnihlutahópa. Þá má nefna áherslu ÖSE á umburðarlyndi og bann við hvers kyns mismunun almennt, svo sem kynþáttamismunun, mismunun á grundvelli trúarbragða o.s.frv. Á vettvangi ÖSE hefur Ísland einkum lagt áherslu á baráttuna gegn mansali, t.d. með því að kosta störf sérfræðinga í sendinefnd ÖSE í Bosnía-Hersegóvínu sem vinna gegn mansali. Þá hyggst Ísland leggja ÖSE til fjármagn til verkefna gegn mansali. Að tilstuðlan íslenskra stjórnvalda tóku utanríkisráðherrarinn um það ákvörðun á utanríkisráðherrafundinum í Sofía í desember 2004 að ÖSE helgaði sig sérstaklega baráttunni gegn verslun með börn. Áður hafði ekki verið fjallað sérstaklega um börn í þessu sambandi.

Ísland leggur áherslu á framkvæmd lýðræðislegra kosninga innan þátttökuríkja ÖSE og hefur sent kosningaefirlitsmenn á vegum friðargæslunnar í nokkrar kosningar á ári. Til skoðunar er að auka þennan þátt enn frekar með því að senda kosningaefirlitsmenn til lengri tíma, 5-6 vikur í senn.

Árið 2003 gegndi Ísland formennsku í sérstökum vinnuhópi





ÖSE um baráttuna gegn hryðjuverkum. Vinnuhópurinn var umræðuvettvangur fyrir aðildarríkin um eflingu starfsemi stofnunarinnar á sviði hryðjuverkavarna og undirbjó hann m.a. tvær ákvarðanir ráðherrafundar ÖSE í Maastricht í desember 2003, annars vegar um aukið öryggi vegabréfa og hins vegar um nýtt samskiptanet stofnunarinnar á sviði hryðjuverkavarna. Í kjölfar þessara ákvarðana var sett á fót samskiptanet á vegum ÖSE, sem mun stuðla að bættri framkvæmd skuldbindinga, koma í veg fyrir tvíverknað og nýta fjármagn og starfslið á markvissari hátt.

Reglulega eru haldnar ráðstefnur og fundir um margvísleg mannréttindamálefni og ber þar hæst ráðstefnu um mannglegu viddina sem haldin er í Varsjá í Póllandi í tvær vikur hvert haust, á vegum lýðræðis- og mannréttindaskrifstofu ÖSE (ODIHR) sem hefur þar aðsetur. Þar er farið yfir framkvæmd skuldbindinga þátttökuríkja ÖSE á sviði mannglegu viddarinnar.

Þá eru starfandi á vettvangi ÖSE sérstakir fulltrúar á tilteknum sviðum, m.a. sérstakur fulltrúi til að berjast gegn mansali, fyrir frjálsri fjölmiðlun, fyrir þjóðernisminnihlutahópa og gegn mismunun, og fylgjast þeir grannt með stöðu innan síns málaflokks í þátttökuríkjum ÖSE, benda á brotalamir í framkvæmd hjá þátttökuríkjum og leiðir til úrbóta og gefa fastaráði ÖSE reglulega skýrslur um starf sitt, en það fundar í hverri viku.

Evrópuráðið

Íslensk stjórnvöld:

- styðja starf Mannréttindadómstóls Evrópu;
- taka virkan þátt í baráttu Evrópuráðsins gegn ofbeldi gegn konum;
- beita sér fyrir auknum réttindum barna og afnámi hvers kyns ofbeldis og mismununar gagnvart börnum;
- vinna að fullgildingunni samningsins um aðgerðir gegn mansali.

Evrópuráðið í Strassborg er mikilvægasta fjölþjóðastofnunin á sviði mannréttindamála í Evrópu. Innan Evrópuráðsins starfar ráðherranefndin að virkri umræðu um mannréttindamál og Mannréttindadómstóllinn í Strassborg er leiðandi í túlkunum vegna brota á mannréttinasáttmálum sem undir hann eru borin. Einn íslenskur dómari hefur jafnan átt sæti í Mannréttindadómstólum. Í Evrópuráðinu hafa verið samþykktir fjölmargir alþjóðlegir sáttmálar sem öðlast hafa lagagildi í aðildarríkjunum og hafa öðlast sess sem sérstakar fyrirmyndir á sínu sviði á alþjóðavettvangi. Benda má á að svokölluð skrifstofa grundvallarréttinda sem Evrópusambandið (ESB) setti á laggirnar á þessu ári og hefur aðsetur í Vinarborg mun hafa mannréttinasáttmála Evrópuráðsins að leiðarljósi í störfum sínum að mannréttindum innan ESB.

Undanfarin ár hefur Evrópuráðið stækkað ört og nýjar ógnir við frelsi og lýðræði steðjað að. Evrópuráðið hefur því þurft að endurskoða hlutverk sitt að nokkru leyti og forgangsraða verkefnum í takt við nýja tíma. Í ljósi þessa var þriðji leiðtogafundur Evrópuráðsins haldinn í Varsjá í Póllandi í maí 2005, með það að markmiði að ákvarða stöðu og framtíð Evrópuráðsins meðal stofnana Evrópuríkjanna. Þar var samþykkt framkvæmdaáætlun Evrópuráðsins þar sem tiltekin eru forgangsverkefni ráðsins í nánustu framtíð sem nú er unnið eftir.

Ísland leggur áherslu á að Evrópuráðið einbeiti sér að grundvallargildum Evrópuráðsins, mannréttindum, lýðræði og réttarríkinu. Ísland er í hópi þeirra ríkja sem telja að umbætur og endurskipulagning þurfi að fara fram á stofnunum Evrópuráðsins til að ná sem bestum árangri á sviði þessara grundvallargilda og einfalda þannig rekstur stofnana ráðsins og hagræða eins og unnt er í rekstri. Í febrúar 2007 var fastafulltrúi Íslands hjá Evrópuráðinu í fyrsta sinn skipaður formaður í stefnumörkunarnefnd ráðherranefndar Evrópuráðsins, en á meðal helstu verkefna þeirrar nefndar er að forgangsraða verkefnum á vegum Evrópuráðsins og leggja línur í megináherslum þess. Á tímabilinu 7. maí - 4. nóvember 1999 gegndi Ísland formennsku í ráðherranefnd Evrópuráðsins sem var kærkomið

tækifæri til að áréttu stuðning Íslands við varðveislu mannréttinda og lýðræðisþróun í álfunni.

Hjá Evrópuráðinu fer fram reglubundið og náð samráð og samvinna Norðurlandanna og Eyrstrasaltsríkjanna þar sem sameiginlegar áherslur þessara ríkja í mannréttindamálum eru forgangsmál. Þessi ríkjahópur er áberandi innan Evrópuráðsins og segja má að hann sé sá virkasti, að Evrópusambandinu undanskildu.

Mannréttindadómstóll Evrópu

Málum til Mannréttindadómstóls Evrópu hefur fjölgað gríðarlega undanfarin ár og sífellt lengri tími liður þar til mál eru tekin fyrir hjá dómstólum. Um þessar mundir biða ríflega 90.000 kærumál á sviði mannréttinda afgreiðslu hjá dómstólum. Ísland hefur lagt áherslu á að fundin sé lausn á þessum vanda dómstólsins og að dómstóllinn fái það fjármagn og starfsfólk sem nauðsynlegt er til þess að hann geti starfað með skilvirkum hætti. Ísland hefur fullgilt samningsviðauka nr. 14 við mannréttinasáttmála Evrópu sem felur í sér mikilvægar breytingar á stjórnkerfi dómstólsins og er ætlað að taka á þeim vanda sem hin mikla fjölgun mála til dómstólsins hefur skapað.

Baráttan gegn hryðjuverkum

Eitt megináhersluatriðið innan Evrópuráðsins um þessar mundir er að auka öryggi allra Evrópubúa. Þar ber einna hæst baráttuna gegn hryðjuverkum og er áhersla lögð á að aðildarríki undirriti og fullgildi nýjan samning Evrópuráðsins um aðgerðir gegn hryðjuverkum. Ísland hefur undirritað samninginn ásamt samningi sem fjallar um aðgerðir gegn fjármögnun hryðjuverkastarfsemi.

Skipulögð glæpastarfsemi

Skipulögð glæpastarfsemi færast sífellt í vöxt innan álfunnar. Evrópuráðið leggur áherslu á mikilvægi samvinnu við aðrar stofnanir á þessu sviði og mun á næstunni auka samvinnu við

ÖSE og Sameinuðu þjóðirnar í baráttunni gegn skipulagðri glæpastarfsemi á alþjóðavísu.

Mansal

Í maí 2005 hófu ríki að undirrita nýjan samnings Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali. Þessi nýi samningur er mikilvægt skref í baráttunni gegn mansali, sem er alvarlegt mannréttindabrot og misbýður gróflega mannlegri reisn. Samningurinn mun efla forvarnir og miðar að því að gerendur séu sóttir til saka og mannréttindi fórnarlamba virt. Sjálfstætt eftirlitskerfi verður sett upp samhliða samningnum til að fylgjast með því að ríki framfylgi ákvæðum hans. Ísland hefur undirritað samninginn og unnið er að fullgildingu hans.

Ofbeldi gegn konum

Evrópuráðið mun á næstu misserum beita sér í baráttunni gegn ofbeldi gagnvart konum, þar með er talið heimilisofbeldi. Starfshópur hefur verið settur á fót í þeim tilgangi að fylgjast með aðgerðum í aðildarríkjunum og koma með tillögur til úrbóta í þessum málaflokki. Samevrópskri herferð til að sporna við ofbeldi gegn konum, þar á meðal heimilisofbeldi, var hrundið af stað í nóvember 2006 með ráðstefnu í Madrid undir yfirskriftinni „Stöðvum ofbeldi gegn konum“. Ríki Evrópuráðsins eru hvött til þess að taka þátt í herferðinni og munu íslensk stjórnvöld ekki láta sitt eftir liggja. Íslenska ríkisstjórnin hefur samþykkt framkvæmdaáætlun vegna ofbeldis á heimilum og kynferðisofbeldis fyrir árin 2006-2011 sem samræmist herferð Evrópuráðsins.

Ofbeldi gegn börnum

Innan Evrópuráðsins eru fjölmörg verkefni er varða réttindi barna og á næstu árum verður lögð sérstök áhersla á að berjast gegn ofbeldi gagnvart börnum í allri sinni mynd. Meðal annars er unnið að samningi um aðgerðir gegn kynferðislegri misnotkun á börnum. Ísland hefur ávallt stutt málefni er varða aukin réttindi barna og málefni fjölskyldunnar og mun beita sér á þessu sviði.





Þvermenningarleg umræða

Þvermenningarleg umræða, byggð á alþjóðlegum mannréttindum, gegnir mikilvægu hlutverki í því að efla vitund, skilning og umburðarlyndi og að koma í veg fyrir ágreining og tryggja aðlögun ólíkra hópa og samheldni í samfélaginu. Evrópuráðið mun á næstu misserum leggja sérstaka áherslu á þvermenningarlega umræðu og stefnt er að því að gefa út Hvítbók Evrópuráðsins um þvermenningarlega umræðu haustið 2007. Mikilvægt er fyrir Ísland að fylgjast vel með þróun þessarar umræðu, m.a. vegna nýrra þjóðfélagsaðstæðna á Íslandi.

Samvinna við aðrar alþjóðastofnanir

Eitt af forgangsverkefnum Evrópuráðsins um þessar mundir er að efla samvinnu við aðrar alþjóðastofnanir á sviði mannréttinda. Unnið er að gerð viljayfirlýsingar milli Evrópuráðsins og Evrópusambandsins í þeim tilgangi að auka samvinnu og pólitískar umræður milli stofnananna. Samvinna við ÖSE hefur

einnig aukist undanfarin misseri og jafnframt er unnið að nánara samstarfi á milli Evrópuráðsins og Sameinuðu þjóðanna á sviði mannréttinda. Ísland hefur verið í hópi þeirra ríkja sem leggja áherslu á mikilvægi þessarar samvinnu svo að forðast megi tvíverknað og nýta krafta og fjármagn hvernar stofnunar sem best.

Stofnanir og nefndir innan Evrópuráðsins

Stofnanir og nefndir sem starfa innan Evrópuráðsins gegna mikilvægu hlutverki í verndun og eflingu mannréttinda. Má þar nefna mannréttindafulltrúa Evrópuráðsins, nefnd um varnir gegn pyntingum og nefnd um aðgerðir gegn kynþáttafordómum og skorti á umburðarlyndi. Ísland hefur ávallt stutt það starf sem þar fer fram og tekið undir þær ábendingar og birt opinberlega þær skýrslur sem komið hafa frá viðkomandi nefndum eftir heimsóknir þeirra til Íslands.

Viðfangsefni framtíðarinnar

Í dag eru mannréttindi viðurkennd sem órjúfanlegur þáttur í alþjóðastjórnsmálum. Viðurkenning alþjóðasamfélagsins á mikilvægi mannréttinda í tengslum við átakavarnir, friðaruppbyggingu og lýðræðisþróun hefur aukist. Þessari þróun þarf að hlúa að og styrkja enn frekar. Heimsmyndin tekur stöðugum breytingum og kallar á ný viðfangsefni, einnig á sviði mannréttinda. Íslensk stjórnvöld fylgjast náið með þróun alþjóðlegrar mannréttindaumræðu og munu beita sér sérstaklega á þeim sviðum þar sem Ísland getur látið gott af sér leiða. Fjallað hefur verið hér að framan um áherslur Íslands á *vernd mannréttinda í baráttunni við hryðjuverk*. Sú áhersla mun fylgja okkur áfram um ókomin ár og fer að sjálfsgöngu eftir því hvernig þróunin verður. Að skilgreina hryðjuverk sem mannréttindabrot er bæði einfalt og flókið. Einfalt – því hryðjuverk brjóta öll grundvallarmannréttindi – réttinn til lífs og öryggi einstaklinga. Flókið – þar sem þau samtök sem ábyrg eru fyrir slíkum mannréttindabrotum eru ekki ríki og meðferð aðgerða þessara hópa sem mannréttindabrotu hefur þar af leiðandi vakið upp spurningar. Eftir atburðina 11. september 2001 hefur því verið haldið fram að þjóðir í framvarðarsveit í baráttunni gegn hryðjuverkum hafi dregið úr mikilvægi mannréttinda og réttlæti það jafnvel að grundvallarmannréttindum sé stundum fórnað í þágu öryggis. Ísland hafnar því að í baráttunni gegn hryðjuverkum sé leyfilegt að víkja frá grundvallarmannréttindum einstaklinga enda grefur slíkt undan alþjóðlegri mannréttindavernd. Í þessu sambandi er rétt að nefna að vopnuð átök, hryðjuverk, hvers kyns ofbeldi, brottvísanir, fátækt og félagsleg útskúfun geta ógnað *réttinum til lífs* og öryggi fjölmargra einstaklinga. Fréttir af slíku ástandi eru því miður daglegt brauð. Oft og tíðum hafa stjórnvöld viðkomandi ríkja ekki getað eða ekki viljað vernda líf umræddra einstaklinga eða þjóðfélags-hópa. Baráttan fyrir réttinum til lífs er barátta sem er hvergi nær á enda og munu íslensk stjórnvöld taka þátt í henni af fullum krafti. Rétt er að taka fram að íslensk stjórnvöld styðja átak Sameinuðu þjóðanna til að aðstoða ríki við að efla vernd innlendra mannréttinda (National Protection Systems).

Íslensk stjórnvöld berjast gegn mansali og eiga aðild að alþjóðlegum aðgerðum sem hafa það að markmiði að sporna gegn slíku og uppræta mansalshringa. Íslensk stjórnvöld munu halda ótrauð áfram baráttunni gegn *mansali* enda er sú barátta hvergi nærri unnin. Vernd mannréttinda í tengslum við *fólksflutninga (migration)* er vaxandi þáttur í mannréttindaumræðunni í dag, en talið er að 192 milljónir teljist til farenta (*migrants*) og búi þannig utan fæðingarstaðar síns, eða um 3% jarðarbúa.⁴⁰ Íslensk stjórnvöld munu fylgast náið með þróun fólksflutninga, en mannréttindabrot eru oftast ekki orsök þvingaðra fólksflutninga.⁴¹ Viðbrögð við fólksflutningum eru sameiginlegt viðfangsefni alþjóðasamfélagsins sem tengist auknum flutningi fólks milli ríkja, málefnum innflytjenda, farandverkamanna, flóttamanna, fólks á vergangi o.fl. Brynt er að hafa mannréttindi að leiðarljósi þegar brugðist er við málum sem upp kunna að koma í tengslum við fólksflutninga. Hnattvæðingin stuðlar að auknum fólksflutningum bæði faglærðra og ófaglærðra starfsmanna, fjölskyldna og ferðamanna. Hnattvæðingin hefur skapað þörfina fyrir vinnuafli frá öðrum ríkjum og á það einnig við um Ísland. Árið 1951 var sett á laggirnar Alþjóðlega fólksflutningastofnunin (International Organization for Migration, IOM) sem vinnur að því að tryggja skipulagða og mannúðlega stjórnun fólksflutninga, að efla alþjóðlega samvinnu um fólksflutninga, að aðstoða í leitinni að lausnum á vandamálum er skapast vegna fólksflutninga og að veita bágstöddum farendum aðstoð, hvort sem það er flóttafólk, fólk á vergangi eða annað. Stofnunin veitir ríkisstjórnnum og farendum þjónustu og ráðleggingar. Íslensk stjórnvöld munu kanna hvort æskilegt sé að Ísland gerist aðili að IOM.

Umræðan um *mannréttindi, hnattvæðingu og ábyrgð fyrirtækja* mun líklega verða fyrirferðarmeiri á komandi árum. Íslensk stjórnvöld munu fylgjast náið með þeirri þróun og leggja sitt af mörkum. Að sama skapi hefur á síðustu árum aukist til muna alþjóðleg umræða um *tengsl umhverfisverndar og mannréttinda*, ekki síst í tengslum við sjálfbæra þróun.

40) Sjá nánar á heimasíðu Alþjóðafólksflutningastofnunarinnar. 41) Undir skilgreiningu þvingaðra fólksflutninga falla einstaklingar sem hafa stöðu flóttamanna og fólks á vergangi (IDPs).






Heilbriggt umhverfi hefur áhrif á það hvort og hvernig fólk getur notið mannréttinda og þá sérstaklega efnahagslegra, félagslegra, og menningarlegra réttinda. Leiðtogafundur um sjálfbæra þróun var haldinn árið 2002 í Jóhannesarborg. Þar kom fram að virðing fyrir mannréttindum og grundvallarfrælsi sé mikilvægur þáttur sjálfbærrar þróunar og sé öllum mönnum til hagsbóta. Íslensk stjórnvöld munu fylgjast náið með þróun umræðunnar og taka þátt í henni. Að síðustu ber að nefna að ört vaxandi alþjóðleg umræða er um *líftækni og vernd mannréttinda (biotechnology, bioethics and biomedicine)*. Hröð framþróun hefur verið á síðustu árum á sviði líftækni og læknávisinda sem opna mönnum sífellt fjölbreyttari möguleika. Þessi hraða framþróun lífvisinda hefur eðlilega

kallað fram spurningar um mannlega reisn einstaklinga og vernd mannréttinda í því samhengi. Íslensk stjórnvöld munu fylgjast náið með þróun þessarar umræðu enda eru á Íslandi stundaðar rannsóknir í fremstu röð á þessu sviði, m.a. á sviði erfðarannsókna, og hefur á sama tíma farið fram opinber umræða og vinna við setningu laga og reglna um þessi mál. Þannig hefur nokkur sérþekking og sérstaða byggst upp á Íslandi á þessu sviði.

Við eflingu og vernd alþjóðlegra mannréttinda er það íslenskum stjórnvöldum mikilvægt að eiga gott samstarf við frjáls félagasamtök, sérfræðinga og stofnanir og munu stjórnvöld leitast við að halda áfram að efla slíkt samstarf.



Grundvallar mannréttindasamningar og yfirlýsingar

Sameinuðu þjóðirnar

- 1948 Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna (*Universal Declaration of Human Rights, UDHR*).
- 1951 Samningur um stöðu flóttamanna (Flóttamanna-samningurinn) (*Convention relating to the Status of Refugees*) og 1967 viðbótarbókunin.
- 1965 Alþjóðasamningur um afnám alls kynþáttamisréttis (*International Convention on the Elimination of All Forms of Racial Discrimination, CERD*).
- 1966 Alþjóðasamningur um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi (*International Covenant on Economic, Social and Cultural Rights, CESCR*).
- 1966 Alþjóðasamningur um borgaraleg og stjórn mála réttindi (*International Covenant on Civil and Political Rights, CCPR*).
1966 Valfrjáls bókun við CCPR um kæruevtvang fyrir einstaklinga.
1989 Önnur valfrjáls bókun við CCPR um afnám dauðarefsingar.
- 1979 Samningur um afnám allrar mismununar gagnvart konum (*Convention on the Elimination of all Forms of Discrimination against Women, CEDAW*).
1999 Valfrjáls bókun við CEDAW um kæruevtvang.
- 1984 Samningur gegn pyntingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu (*Convention against Torture and Other Cruel, Inhuman or Degrading Treatment or Punishment, CAT*).
2002 Valfrjáls bókun við CAT um eftirlitsnefndir með því að pyntingar séu ekki viðhafðar.
- 1989 Samningur um réttindi barnsins (Barnasáttmálinn) (*Convention on the Rights of the Child, CRC*).
2000 Valfrjáls bókun við CRC um þátttöku barna í vopnuðum átökum.
2000 Valfrjáls bókun við CRC um barnasölu, barnavændi og barnaklám.
- 1990 Samningur um vernd og réttindi farandverkamanna og fjölskyldna þeirra (*Convention on the Protection of the Rights of All Migrant Workers and Members of their Families, CMW*). Gildistaka samningsins var 1. júlí 2003.
- 2006 Alþjóðasamningur um vernd allra gegn mannhvörfum (*International Convention for the Protection of All Persons from Enforced Disappearance*). Samþykktur af allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í desember 2006. Hefur ekki tekið gildi.
- 2006 Samningur um réttindi einstaklinga með fötlun. (*Convention on the Rights of Persons with Disabilities*). Samþykktur af allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í desember 2006. Hefur ekki tekið gildi.

Evrópuráðið

- 1950 Evrópusamningur um verndun mannréttinda og mannfrelsis (Mannréttindasáttmáli Evrópu) (*European Convention for the Protection of Human Rights and Fundamental Freedoms*).
1952 Samningsviðauki 1 um friðhelgi eignarréttar, rétt til menntunar og rétt til frjálsra kosninga.
1963 Samningsviðauki 4 um verndun annarra réttinda en kveðið er á um í sáttmálanum og samningsviðauka 1.
1983 Samningsviðauki 6 um afnám dauðarefsingar.
1984 Samningsviðauki 7 um málsmeðferð við brottvísun útlendinga.
2000 Samningsviðauki 12 um almennt bann við mismunun.
2002 Samningsviðauki 13 um afnám dauðarefsingar undir öllum kringumstæðum.
2004 Samningsviðauki 14 um breytingar á stjórnkerfi dómstólsins (hefur ekki tekið gildi).
- 1961 Félagsmálasáttmáli Evrópu (endurskoðaður 1996) (*European Social Charter*).
1988 Viðbótarbókun við félagsmálasáttmálann.
1995 Viðbótarbókun við félagsmálasáttmálann.
- 1987 Evrópusamningur um varnir gegn pyntingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu (*European Convention for the Prevention of Torture and Inhuman or Degrading Treatment or Punishment*).
- 1992 Sáttmáli Evrópu um svæðisbundin eða minnihlutungumál (*European Charter for Regional or Minority Languages*).
- 1995 Rammasamningur Evrópuráðsins um vernd minnihlutahópa (*Council of Europe Framework Convention for the Protection of National Minorities*).
- 2005 Samningur Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali (*Council of Europe Convention on action against trafficking in human beings*). Hefur ekki tekið gildi.

Aðrir mikilvægir svæðisbundnir mannréttindasamningar:

- 1969 Mannréttindasáttmáli Ameríku (*American Convention on Human Rights*).
1988 Samningsviðauki um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi.
1990 Samningsviðauki um afnám dauðarefsingar.
- 1981 Mannréttindasáttmáli Afríku (*African Charter on Human and Peoples' Rights*).





